FRÉTTABLAÐIÐ
257. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 3. NÓVEMBER 2015



**Utan dagskrár** Mikið var um að vera í Lucky Records í gær enda fyrsti dagur „off-venue“ dagskrár Iceland Airwaves-hátíðarinnar í ár. Fram komu meðal annars Milkhouse, Brilliantinus, Hemúllinn, Rebekka Sif og Sveinn Guðmundsson. Á myndinni sést rokkhljómsveitin Shady spila við góðar undirtektir hátíðargesta. Formleg dagskrá aðalhátíðar Airwaves hefst á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bændur segja oddvita hafa svikið sig

**Þorgils Torfi Jónsson, oddviti sveitarstjórnar Rangárþings ytra, keypti hlutafé bænda í sláturhúsinu á Hellu og seldi það áfram til Kaupfélags Skagfirðinga á hærra verði. Bændur sem seldu eru ósáttir því þeir segjast hafa fengið mun lægra verð fyrir hlutina en oddvitinn.**

**VIÐSKIPTI** Bændur í Rangárþingi ytra telja oddvita sveitarfélagsins, Þorgils Torfa Jónsson, hafa svikið sig í viðskiptum þegar Sláturhúsið á Hellu var selt Kaupfélagi Skagfirðinga. Hafi margir selt Þorgilsi sína hluti í góðri trú á mun lægra mati en því sem hann seldi svo áfram á sama tíma. Þorgils Torfi harðneitar því að hafa blekkt bændur.

Þorgils kveðst hafa keypt af bændum bæði um vorið og á sama tíma og verið var að handsala samning við KS.

„Samningaviðræður hófust um vorið og var svo handsalað í kringum kosningarnar 2014,“ segir Þorgils Torfi, sem var sláturhússtjóri á þessum tíma.

„Hins vegar er ekki rétt að þetta hafi verið svona einfalt, þetta voru nokkrar flækjur og það er trúnaðarmál hvernig salan fór fram á milli mín og KS.“

Fréttablaðið ræddi í gær við fjölda bænda sem vildu ekki koma fram

> Það er trúnaðarmál hvernig salan fór fram á milli mín og KS.
>
> Þorgils Torfi Jónsson, oddviti Rangárþings ytra og fyrrverandi sláturhússtjóri



undir nafni en sögðust afar óhressir með viðskipti sín við Þorgils.

Kaupfélag Skagfirðinga keypti sláturhúsið og Kjötbankann á samtals 282 milljónir króna. Samkvæmt því var verðið um sex krónur á hvern hlut. Þorgils keypti hins vegar bændur út á sama tíma á innan við tvær krónur á hvern hlut.

Við þetta eru bændur ósáttir því Þorgils hafi verið innsti koppur í búri í samningaviðræðum við KS og vitað mun betur en aðrir hvað hægt væri að fá fyrir hvern hlut.

Sláturhúsið var í upphafi ársins 2014 í eigu 176 aðila, ýmist einstaklinga, fyrirtækja eða búnaðarfélaga í sveitinni. Í árslok 2015 hafði hluthöfum fækkað um 29, eða í 147. Í ársbyrjun 2014 átti Þorgils um 36 prósenta hlut í sláturhúsinu en í júní voru seld 60 prósent hlutafjár. **– sa, ih**

## Sýnum eytt eftir aðeins níu vikur

**LÖGREGLUMÁL** Sautján ára stúlka hætti við að kæra nauðgun er ljóst var að sönnunargögn voru ekki lengur til staðar. Sýni og sönnunargögn á Neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota eru geymd í tvo mánuði, eða níu vikur, og svo er þeim eytt.

Eyrún Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri Neyðarmóttökunnar, segir það hafa sýnt sig að þeim málum farnist betur í kerfinu þar sem ákvörðun um kæru er tekin snemma.

„Það eru tvær hliðar á málinu og ef lögreglan kemst sem fyrst í málið þá eru meiri líkur á að það sé hægt að finna hugsanlega eitthvað sem styður við málsmeðferð út frá fleiri sjónarhornum, bæði hvað varðar vitni og út frá því að yfirheyra geranda,“ segir Eyrún. **– snæ,** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag

**LÍFIÐ** Friðrik Dór samdi ballöðu til konunnar í bílnum. 22

**SKOÐUN** Ábyrgð sveitarfélaga á tónlistarnámi. 11

**SPORT** Natvélin er að gera frábæra hluti í körfuboltanum. 12

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● BÍLAR



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




Dale Carnegie
ÓKEYPIS
KYNNINGARTÍMI
Hótel Natura
Í kvöld, 3. nóvember kl. 20.00-21.00
Skráning á dale.is
The Quality Management System of Dale Carnegie© Global Services is ISO 9001 certified.
DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

## Veður




**Suðvestlæg átt,** 5-10 m/s um landið vestanvert og skúrir eða él, en heldur hægari austan til á landinu og þurrt og bjart. Hiti 0 til 6 stig, en kólnar annað kvöld og víða má búast við næturfrosti til landsins.

SJÁ SÍÐU 16




**Reece Scobie var handtekinn í verslun iSímans í sumar.**

# Alþjóðlegur svikari í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest áframhaldandi gæsluvarðhald yfir breska ríkisborgaranum Reece Scobie, sem handtekinn var við komu til landsins þann 16. júní síðastliðinn með umtalsvert magn barnakláms á tölvubúnaði sem hann hafði meðferðis. Þá hefur lögreglan á Suðurnesjum einnig til rannsóknar ætluð fjársvik Scobies, en hann er grunaður um að hafa stundað umtalsverð svik með illa fengnum kreditkortum á hinum ýmsu stöðum hér landi.

Samkvæmt því sem kemur fram í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir Scobie liggur hann undir rökstuddum grun um að hafa haft til dreifingar þúsundir mynda og myndbanda sem sýni börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Þá segir að þegar litið sé til þeirrar hrinu brota sem Scobie er grunaður um að hafa framið á þeim tíma sem hann sætti farbanni, má ætla að hann muni halda áfram brotum á meðan máli hans er ekki lokið.

Scobie er fæddur árið 1993 og hefur áður komið við sögu lögreglu fyrir efnahagsbrot í Bretlandi.

Árið 2013 fékk Scobie 16 mánaða dóm í Bretlandi fyrir að svíkja út sjötíu þúsund pund eða rúmlega fjórtán milljónir íslenskra króna af ferðaþjónustuaðilum. Hann hafði bókað flug og hótelgistingar á lúxushótelum úti um allan heim með fölsuðum kreditkortum. **– ngy**

# Reynt að hindra olíuleka



„Við erum að kanna aðstæður og þetta loftgöt til koma í veg fyrir frekari olíuleka. Síðan byrjum við undirbúning á björgun en það eru tveir til þrír dagar áætlaðir í hana,“ sagði Sigurður Stefánsson kafari um aðgerðir eftir að sanddæluskipið Perla sökk í Reykjavíkurhöfn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sagði af sér formennsku

**SAMFÉLAG** Ingvi Hrafn Óskarsson sagði af sér sem stjórnarformaður RÚV ohf. í gær. Í tilkynningu segist Ingvi ekki sjá fram á að geta áfram varið nægilegum tíma og orku í starfið samhliða störfum sínum sem héraðslögmaður.

Starfshópur sem skipaður var af menntamálaráðherra skilaði skýrslu sinni um rekstur RÚV fyrir nokkrum dögum þar sem rekstrarvanda stofnunarinnar var lýst. Stjórn RÚV sendi frá sér tilkynningu vegna skýrslunnar þar sem sagði að rangt væri farið með staðreyndir.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir eftirsjá að Ingva. „Ég tel að hann, stjórnin og starfsmenn Ríkisútvarpsins hafi unnið alveg frábært starf við að ná tökum á rekstri Ríkisútvarpsins og náð eftirtektarverðum árangri.“

Ekki náðist í Ingva Hrafn í gærkvöldi. **– kbg**

# Sala á jólabjór jókst um 150 prósent á tíu árum

**Vínbúðir hefja sölu á jólabjór föstudaginn 13. desember. Salan hefur tekið kipp undanfarinn áratug. Skýrist meðal annars af fjölbreyttari innlendri framleiðslu.**

**VERSLUN** Vínbúðirnar munu selja 34 tegundir af jólabjór í ár, en þær voru 29 árið áður. Sala á jólabjór í Vínbúðunum hefst föstudaginn 13. nóvember. Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir að starfsmenn Vínbúðanna verði varir við nokkra eftirvæntingu. „Við finnum fyrir því að það er spurt þegar nær dregur,“ segir hún.

Kúltúrinn fyrir árstíðabundnum bjór hefur aukist nokkuð á undanförnum árum og nú er boðið upp á jólabjór, páskabjór, þorrabjór, sumarbjór og októberbjór. Vínbúðirnar hafa boðið upp á jólabjórinn allt frá árinu 1989. Þetta verður því 27. árið sem hann er í boði.

„En hann er svona að taka kipp núna síðustu árin. Árið 2005 voru seldir 268 þúsund lítrar en í fyrra voru seldir rétt tæpir 670 þúsund lítrar,“ segir Sigrún Ósk. Það er aukning um 150 prósent á tíu árum.

Sigrún Ósk segir að þótt sala á jólabjórnum aukist þýði það samsvarandi aukningu í neyslu á bjór. „Það færist úr öðrum tegundum á meðan. Það er alveg greinilegt. Þetta er ekki hrein viðbót við söluna.“

Undanfarin ár hafa margar jólabjórstegundir selst upp löngu fyrir jól. Sigrún segist ekki vera komin með tölur yfir framleitt magn og getur því ekki svarað því hvort hægt verði að fá vinsælustu tegundirnar síðla í desember.

„En sumir hafa mjög takmarkað framboð og það er bara þeirra stefna. Og ef þær tegundir verða vinsælar þá verða þær væntanlega ekki til.“

Sveinn Waage, kennari í Bjórskólanum, segir að áhugi á jólabjór aukist á milli ára.

„Þetta er orðin allt önnur stemning og fer stigvaxandi,“ segir Sveinn. Þarna séu tveir þættir sem skipti máli. Annars vegar hafi innlendum framleiðendum á bjór fjölgað gríðarlega. Hins vegar geri reglur ÁTVR ráð fyrir því að allar árstíðabundnar bjórtegundir séu teknar í sölu. „Þannig að það sem mætir okkur er svo mikið úrval,“ segir Sveinn, sem óttast jafnframt að þetta myndi breytast ef starfsemi ÁTVR yrði hætt.

Sveinn segist vera búinn að smakka nokkrar tegundir af jólabjór sem komi í ár og þær lofi mjög góðu.

„Þetta er alveg geggjað,“ fullyrðir Sveinn. Þar á hann við innlendu framleiðsluna. Hann hefur ekki smakkað erlenda framleiðslu.

jonhakon@frettabladid.is




**Aðstoðarforstjóri ÁTVR segir að þegar árstíðabundinn bjór komi á markað sé minna selt af hefðbundnum bjór.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Þetta er alveg geggjað.**
> Sveinn Waage, kennari í Bjórskólanum









Nýr Up! frá:
**1.790.000 kr.**
Verð á mánuði frá: **22.750 kr.***

Nýr Polo frá:
**2.390.000 kr.**
Verð á mánuði frá: **30.290 kr.***

Nýr Golf frá:
**3.090.000 kr.**
Verð á mánuði frá: **38.837 kr.***

Nýr Passat frá:
**3.990.000 kr.**
Verð á mánuði frá: **50.567 kr.***

# VWeldu þann sem hentar þér.




Nú er góður tími til að skipta yfir í nýjan **Volkswagen Up!**, **Polo**, **Golf** eða **Passat** því honum fylgir **Samsung sjónvarp** sem erfitt er að taka augun af. Komdu í kaffi til okkar og við hjálpum þér að finna út hvaða Volkswagen hentar þér best. Hlökkum til að sjá þig!

**Das Auto.**

*Mv. 25% innborgun og 75% lán í allt að 84 mánuði (nánari upplýsingar hjá sölumönnum). **Gildir til áramóta eða á meðan birgðir endast.

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Ákveðið að Hollendingur í einangrun sæti geðrannsókn

**LÖGREGLUMÁL** „Það er ekkert í lögum um það að fólk sem sæti einangrun þurfi að fara í gegnum geðmat en það hlýtur að þurfa að meta í hverju tilviki fyrir sig,“ segir Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn.

Ákveðið hefur verið að 27 ára Hollendingur, sem er í einangrun á Litla-Hrauni, sæti geðrannsókn. Maðurinn hefur verið í einangrun síðan 29. september vegna gruns um að hafa smyglað 23 kílóum af sterkum fíkniefnum til landsins.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að fjölskylda mannsins vissi ekki um ferðir hans í meira en mánuð. Þá sagði móðir hans áhyggjur fjölskyldunnar hafa verið gríðarlega miklar í ljósi þess að maðurinn er þroskahamlaður.

Verjandi mannsins sagði við Fréttablaðið að farið hefði verið fram á það við lögreglu, sama dag og maðurinn var handtekinn, að móðir hans yrði látin vita. Það hefði ekki verið gert.

„Almennt er það þannig að rannsóknarhagsmunir ráða tímalengdinni og stundum eru mál þannig vaxin að það getur liðið einhver tími þar til vandamenn eru látnir vita,“ segir Friðrik Smári, um það hví vandamenn séu ekki tafarlaust látnir vita.

Friðrik Smári segir að skoða þurfi hvort setja eigi reglur um það hvort þroskaheftir einstaklingar sæti einangrun á rannsóknarstigi máls. „Það má alltaf bæta löggjöfina, það er alveg ljóst. Þess ber þó að geta að það fer enginn í einangrun nema hann hafi farið fyrir dómara. Þá er öllum handteknum einstaklingum skipaður verjandi sem fær tækifæri til að vekja athygli á ástandi hans.“

Ómar Örn Bjarnþórsson, verjandi mannsins, segir að eins og staðan sé í dag muni skjólstæðingur hans áfram sæta einangrun þótt ákveðið hafi verið að fram fari geðrannsókn.

„Ég á ekki von á öðru en að geðrannsóknin muni taka einhverjar vikur. Maðurinn talar líka ekki íslensku og það þarf túlk með til verksins. Ég bara vona innilega að maðurinn þurfi ekki að sæta einangrun lengur. Það eru komnar fimm vikur núna og ber lögreglu, þó að úrskurður um einangrun standi til 10. nóvember, að aflétta henni um leið og ekki eru lengur til staðar brýnir rannsóknarhagsmunir.“ **– ngy**

> **Það má alltaf bæta löggjöfina, það er alveg ljóst. Þess ber þó að geta að það fer enginn í einangrun nema hann hafi farið fyrir dómara.**
>
> Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn



## Háspennulína til kynningar

**STJÓRNSÝSLA** Til 17. nóvember liggur frammi til kynningar hjá Skipulagsstofnun tillaga Landsnets að matsáætlun svokallaðrar Sprengisandslínu, 220 kílóvolta háspennulínu milli Norður- og Suðurlands. Allir geta gert athugasemdir við tillöguna fyrir lok kynningartímans.

Á meðan drög að matsáætluninni voru í vinnslu barst 31 athugasemd.

„Og hefur tillagan nú verið endurskoðuð út frá þeim ábendingum og lögð inn til málsmeðferðar hjá Skipulagsstofnun,“ segir á vef Landsnets.

Framkvæmdin er umdeild. Hafa umhverfisverndarsamtök og ferðaþjónustufyrirtæki talið háspennulínur bitna á ímynd Íslands sem lands ósnortinna víðerna. Landsnet segir tilganginn að bæta raforkukerfi landsins, „en óstöðugleiki í rekstri byggðalínunnar og takmarkanir á orkuafhendingu standa orðið í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu og byggðaþróun víða á landinu.“ **– óká**

### LEIÐRÉTT

*Rangt var farið með stofnár dagblaðsins Þjóðviljans á Tímamótasíðu Fréttablaðsins um helgina. Blaðið hóf ekki göngu sína árið 1963, heldur 1936.*

### LEIÐRÉTT

*Fyrir mistök féll aftan og framan af texta í niðurlagi greinar Sigurborgar Daðadóttur yfirdýralæknis í Fréttablaðinu í gær. Réttur er textinn svona:*

*„Reglugerðin kveður einnig á um að bannað verður eftir 1. janúar 2016 að nota bása þar sem gyltur geta ekki lagst, legið, rétt úr sér og hvílst án átroðnings frá næsta bás. Matvælastofnun mun fylgja þessu fast eftir með heimsóknum á öll svínabú strax eftir áramótin.“*

# Mögulegum sönnunargögnum um nauðgun eytt á 2 mánuðum

**Umþóttunartími þolenda nauðgana um hvort þeir hyggist kæra brotið er níu vikur, eigi lífsýni að fylgja rannsókninni. Verkefnastjóri Neyðarmóttöku segir stutta tímann eiga að þrýsta á þolendur að flýta sér.**

**LÖGREGLUMÁL** Sýni og sönnunargögn á Neyðarmóttöku fyrir kynferðisbrot eru geymd í tvo mánuði, eða níu vikur, og svo er þeim eytt. Fréttablaðið þekkir dæmi þess að sautján ára þolandi hafi hætt við að kæra nauðgun þegar ljóst var að sönnunargögn voru ekki lengur til staðar.

Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis hefur aðstöðu í litlu herbergi á Landspítalanum í Fossvogi. Sönnunargögn og sýni, svo sem nærföt, eru sömuleiðis geymd í því herbergi í skáp. Blóðsýni eru geymd í kæliskáp.

Eyrún Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri Neyðarmóttökunnar, segir að brýnt sé fyrir þolendum að kæra brotið sem fyrst. „Það hefur einfaldlega sýnt sig að sönnunarlega er langbest að taka ákvörðun sem fyrst. Það eru tvær hliðar á málinu og ef lögreglan kemst sem fyrst í málið þá eru meiri líkur á að það sé hægt að finna hugsanlega eitthvað sem styður við málsmeðferð út frá fleiri sjónarhornum, bæði hvað varðar vitni og út frá því að yfirheyra geranda,“ segir Eyrún.

Hún segir það hafa sýnt sig að þeim málum farnist betur í kerfinu þar sem ákvörðun er tekin snemma.

„Þá er hugsanlega hægt að hafa uppi á fleiri gögnum og ná í vitni sem eru áreiðanleg, þá er ég ekki að tala um vitni að atburði heldur vitni að ástandi og kringumstæðum. Því það snjóar mjög fljótt í sporin.“

Hún segir að það ríði líka á að kæra snemma svo nálgast megi upptökur úr eftirlitsmyndavélakerfum, til dæmis úr miðbæ eða af skemmtistöðum.



Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisbrota er í lítilli stofu á Landspítalanum í Fossvogi. Þar inni eru sýnin geymd í skáp. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

Eyrún segir að þessi stutti frestur myndi að vissu leyti þrýsting á þolanda. „Já, til að pressa á ákvarðanatöku.“

Hún segir sjaldgæft að fólk þurfi lengri frest en tvo mánuði. „Það gerist sjaldan að manneskjur taka ákvörðun löngu seinna. Það er þá yfirleitt vegna þess að verið er að áreita ákæranda eða það er eitthvað sem kemur til að manneskja tekur ákvörðun seinna, hótanir eða ýmislegt.

Þetta eru einfaldlega verklagsreglur og við höfum ekki rými til að geyma gögnin út í hið óendanlega,“ segir Eyrún.

Nýjum yfirmanni kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Árna Þór Sigmundssyni, var ekki kunnugt um níu vikna vinnuregluna. Hann gat ekki staðfest að mál hefðu farið forgörðum vegna reglunnar. **snaeros@frettabladid.is**

> **Þetta eru einfaldlega verklagsreglur og við höfum ekki rými til að geyma gögnin út í hið óendanlega.**
>
> Eyrún Björg Jónsdóttir verkefnastýra Neyðarmóttöku



### Komur á Neyðarmóttöku vegna nauðgana




# Segir spítalalekann ótrúlegt óhæfuverk

**ALÞINGI** „Maður hefði haldið að enginn trúnaður væri eins mikilvægur og trúnaður á milli þeirra sem sækja þjónustu hjá Landspítalanum eða öðrum stofnunum sem halda utan um heilbrigði landsmanna og þessara stofnana,“ sagði Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, í óundirbúinni fyrirspurn til Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra á Alþingi í gær.

Fyrirspurnin vísar til umfjöllunar Fréttablaðsins um víetnömsk hjón sem hafa kært leka Landspítalans á trúnaðarupplýsingum til Persónuverndar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var það félagsráðgjafi á Landspítalanum sem gaf Útlendingastofnun upplýsingarnar.

„Ég held að viðbrögð við þessu ótrúlega óhæfuverki hefðu verið allt önnur ef um Íslendinga hefði verið að ræða, ef ung alíslensk hjón hefðu þurft að fara í gegnum ástarlögregluna og trúnaðarupplýsingum hefði verið lekið frá félagsráðgjafa á Landspítalanum,“ sagði Birgitta jafnframt.



Birgitta Jónsdóttir vill svör um lekann á Landspítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kristján Þór sagði lekann ekki í lagi. Ekkert í mannlegu valdi geti þó komið í veg fyrir slíkt slys ef einbeittur brotavilji sé til staðar. Hann fer fram á að niðurstaða á rannsókn spítalans á lekanum verði kynnt honum og ráðuneytinu. „Ég vil af þessu tilefni upplýsa að ég geri ráð fyrir því og ætlast raunar til þess að stjórnendur spítalans, þegar rannsókn máls sem þessa lýkur, nýti þau úrræði allra laga og reglna sem um þessi mál fjalla og beiti þeim ef ástæða er til,“ sagði Kristján Þór. **– snæ**



netto




# NÝTUM ALLT & SPÖRUM!

Nettó stuðlar að minni sóun og býður stigvaxandi afslátt af vörum sem nálgast síðasta söludag. Vöruverð lækkar eftir því sem líftíminn styttist.




20% AFSLÁTTUR af þurrvöru sem er á dagsetningu eftir 30 daga og ferskvöru sem á 2 daga í síðasta söludag.

30% AFSLÁTTUR af þurrvöru sem er á dagsetningu eftir 15 daga og ferskvöru sem á einn dag í síðasta söludag.

50% AFSLÁTTUR af þurrvöru sem er á dagsetningu eftir 7 daga og ferskvara sem er komin á síðasta söludag.




## Rússar minnast hinna látnu



Sérfræðingar telja hugsanlegt að rekja megi flugslysið á Sínaískaga til hryðjuverks. Allir 224 um borð létu lífið. Í Sankti Pétursborg og víðar í Rússlandi eru haldnar minningarathafnir um hin látnu. MYND/NORDIC PHOTOS

# Skólastjórar bjartsýnni en háskólakennarar

**Skriður er á viðræðum skólastjóra við sveitarfélög. Vonir eru um samning í vikunni. Minni sögum fer af viðræðum háskólakennara og prófessora við ríkið.**

**KJARAMÁL** Vonir standa til þess að samningi verði náð í kjaraviðræðum Sambands íslenskra sveitarfélaga við Skólastjórafélag Íslands í Karphúsinu á morgun. Skólastjórar, sem ekki hafa verkfallsrétt, eru orðnir afar langeygir eftir samningi og hafa rætt bæði uppsagnir og skærur vegna stöðunnar.

Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands, staðfestir að viðræður við samninganefnd sveitarfélaganna hafi tekið kipp síðasta föstudag, eftir nokkurn hægagang.

„Við vorum langt komin með viðræður í framhaldi af gerðardómi í ágúst, en síðan þegar SALEK-viðræðurnar fóru af stað varð ákveðið stopp í viðræðum,“ segir hún. Núna fyrir helgi hafi hins vegar hafist á ný vinna við að reyna að ljúka samningum. „Og horfði nú kannski ekki alveg vel fyrsta kastið, en við náðum munnlegu samkomulagi á föstudaginn sem við munum ganga frá í þessari viku.“ Svanhildur segist því gera sér vonir um að ljúka málinu á næsta samningafundi, sem er á morgun, miðvikudag.

> Við náðum munnlegu samkomulagi á föstudaginn sem við munum ganga frá í þessari viku.
>
> Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands

Á morgun funda líka með samninganefnd ríkisins Félag prófessora í ríkisháskólum og Félag háskólakennara. Fyrrnefnda félagið hefur boðað undirbúning atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun í desember vegna hægagangs við samningagerðina.

Jörundur Guðmundsson, formaður Félags háskólakennara, segir að á samningafundi fyrir helgi hafi ríkið kynnt ákveðinn ramma sem enn sé til skoðunar hjá félögunum. „Við erum bara að skoða það og stilla okkur saman. Það voru nokkur félög sem ekki voru með þessum átján í BHM og erum við núna að byrja að tala um okkar sérmál.“ Innan rammans sem kynntur hafi verið segir Jörundur að finna hluta af því sem samið hafi verið um í SALEK-samkomulaginu.

Hvort líklegt sé að þarna sé kominn grundvöllur til þess að ljúka samningum segir Jörundur ekki enn hægt að segja nokkuð um. Félögin þurfi ráðrúm til að meta stöðuna. „En óneitanlega er þetta erfið staða eftir að BHM felldi þetta [SALEK] samkomulag og svo eru félög utan við það sem eru ekki í gerðardómsmálinu,“ segir Jörundur.

Ólíkt Félagi prófessora hafa háskólakennarar enn ekkert ályktað eða lagt fyrir stjórn, eða félagsfund, um mögulegar verkfallsaðgerðir. Fundinn á morgun segir Jörundur hins vegar kunna að ráða einhverju um framhaldið hvað slíkt varðar.

**olikr@frettabladid.is**



# Fjölbreytt verslunarhúsnæði til leigu

Reitir eru stærsta fasteignafélagið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi.
Við eigum húsnæði tilbúið til afhendingar eða lagað að þínum þörfum.



**Spöngin í Grafarvogi**
**50 – 200 m²**
Rými á fjölförnu svæði.



**Þverholt í Mosfellsbæ**
**60 – 200 m²**
Rými í vinsælum kjarna.



Margir bestu verslunarkjarnar landsins eru í okkar safni.
**Kannaðu möguleikana.**

## Kynntu þér fleiri kosti á **reitir.is**

REITIR

*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Ríkislögreglustjóri gegn áreitni og einelti

**Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri hefur ráðist í fjölmargar aðgerðir gegn einelti og kynferðislegri áreitni í öllum embættum lögreglunnar á landinu. Fjórðungur kvenna í starfi er lagður í einelti. Til stendur að endurskoða siðareglur lögreglunnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri hefur ráðist í fjölmargar aðgerðir gegn einelti og kynferðislegri áreitni í öllum embættum lögreglu á landinu. Haraldur segist hafa ákveðið að fylgja tillögum Finnborgar Salome Steinþórsdóttur vegna niðurstaðna úr rannsókn hennar á vinnumenningu lögreglunnar.

Rannsókn hennar sýndi að tæplega 18% lögreglumanna töldu sig þolendur eineltis í starfi, 25% kvenna og 17% karla. Tæplega 31% kvenna og 4% karla í lögreglunni töldu sig þolendur kynferðislegrar áreitni í lögreglunni. Lögreglumenn sem tóku þátt í rannsókninni bentu á að gerendur væru samstarfsmenn og yfirmenn.

Vandinn er talinn alvarlegur og til viðbótar við aðgerðir ríkislögreglustjóra ákvað innanríkisráðuneyti að fá vinnusálfræðing til að greina samskiptavanda í yfirstjórn lögreglunnar. Í viðtölum við vinnusálfræðinginn Leif Geir Hafsteinsson sögðu lögreglumenn frá óviðeigandi ummælum vinnufélaga sinna. Ummælin vísuðu í kynferði og viðkomandi upplifðu þau sem áreitni. Enn hafa niðurstöður greiningar Leifs ekki verið birtar en heimildir Fréttablaðsins herma að rót vandans sé valdabarátta í yfirstjórn lögreglunnar.

Meðal aðgerða ríkislögreglustjóra var að koma á fót fagráði lögreglunnar. Fagráðið er ráð óháðra fagaðila og tekur til umfjöllunar mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar.

Þá hefur verið haldið námskeið í stjórnendaþjálfun fyrir stjórnendur innan lögreglunnar. Námskeiðið var haldið í apríl 2015 í samvinnu við Lögregluskóla ríkisins. Ríkislögreglustjóri gaf einnig út leiðbeinandi verklagsreglur um einelti sem voru sendar á alla lögreglustjórana 1. apríl síðastliðinn.




Ríkislögreglustjóri tekur samskiptavanda innan lögreglunnar föstum tökum. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR

Þá var ákveðið að endurútgefa jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar og á næstu dögum fá starfsmenn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fræðslu um góð samskipti á vinnustað, einelti og eðli ágreinings. Fræðslufyrirlestrarnir hafa verið haldnir í öllum öðrum lögregluembættum á landinu á haustmánuðum en það er mannauðsráðgjafarfyrirtækið Hugtak sem hefur haldið utan um þá.

> **Í endurskoðuðum siðareglum verður sérstök áhersla lögð á siðferði og samskipti á vinnustaðnum.**

Þá ákvað ríkislögreglustjóri að endurskoða siðareglur lögreglunnar. Í endurskoðuðum siðareglum verður sérstök áhersla lögð á siðferði og samskipti á vinnustaðnum. Að auki verður unnið að því að draga úr neikvæðum viðhorfum sem hafa mælst gagnvart konum í lögreglunni. Til viðmiðs verða siðareglur stjórnarráðsins og Íþrótta- og ungmennafélags Keflavíkur.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**

### Kynferðisleg áreitni og einelti í lögreglunni

**4%** karla verða fyrir kynferðislegri áreitni

**17%** karla eru lögð í einelti

**31%** kvenna verður fyrir kynferðislegri áreitni

**25%** kvenna eru lögð í einelti

Verkefnisstjórn rammaáætlunar boðar til opins kynningarfundar í Þjóðminjasafninu miðvikudaginn 4. nóvember kl. 14 -15:30. Efni fundarins er framvinda vinnu við rammaáætlun, staða hennar og vinnan framundan. Á fundinum munu formenn verkefnisstjórnar og faghópa kynna starfið. Eftir framsögur verða almennar umræður.






Kúrdi les fréttir af kosningaúrslitunum í Díjarbakír í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Eftirlitsmenn gagnrýna kosningarnar í Tyrklandi

**TYRKLAND** Frambjóðendur til þingkosninganna í Tyrklandi um helgina nutu ekki jafnræðis í kosningabaráttunni, samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum kosningaeftirlits Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Sumir frambjóðendur áttu erfiðara en aðrir með að koma boðskap sínum á framfæri við kjósendur, og réði þar mestu aukin spenna og ofbeldi í aðdraganda kosninganna, einkum í suðausturhluta landsins þar sem stjórnarherinn átti í átökum við Kúrda.

Andrúmsloft ótta var magnað upp, meðal annars með handtökum á stuðningsmönnum HDP-flokksins, sem hefur barist fyrir réttindum Kúrda.

Þá er fjölmiðlafrelsi ábótavant í landinu, að mati eftirlitsmanna. Sakamál voru höfðuð gegn tugum blaðamanna á síðustu vikunum fyrir kosningarnar, þar sem blaðamennirnir voru sakaðir um stuðning við hryðjuverkamenn. Og öll umfjöllun um rannsókn á sjálfsvígsárásinni í Ankara í síðasta mánuði var bönnuð.

Recep Tayyip Erdogan forseti segist hins vegar ekkert skilja í þessari gagnrýni. „Þjóðarviljinn hefur kosið mig með 52 prósentum atkvæða,“ sagði hann við fjölmiðla. „Heimsbyggðin öll ætti að bera virðingu fyrir þessu, en ég hef ekki orðið var við slíkan þroska.“

> **Andrúmsloft ótta var magnað upp, meðal annars með handtökum á stuðningsmönnum HDP-flokksins sem berst fyrir rétti Kúrda.**

Flokkur Erdogans, AK-flokkurinn, endurheimti í þessum kosningum öruggan meirihluta á þingi, en þó ekki nægan meirihluta til þess að geta náð fram breytingum á stjórnarskrá landsins.

Erdogan forseti óskar nú eftir aðstoð smærri flokkanna við stjórnarskrárbreytingar, sem eiga að styrkja stöðu forsetans.

Kúrdaflokkurinn HDP náði síðan mönnum á þing þrátt fyrir háan þröskuld, en flokkar þurfa heil tíu prósent atkvæða til að fá menn á þing. **– gb**


Fimm rétta
DIWALI
hátíðarmatseðill
5.990 kr.
6.990 kr. (fös.-lau.)
FORRÉTTUR
Hariyali lax
Maríneraður lax í úrvals kryddblöndu og grillaður í tandoori-ofni
AÐALRÉTTIR
Gosht Raulkilla
Safaríkt lambakjöt, marínerað í kewra-vatni, tómatmauki, chillíi og garam masala og grillað í tandoori-ofni
og
Peshwari Murgh
Kjúklingur eldaður í ríkulegri rjómalagaðri sósu með kasjúhnetum, kóríander, kúmmin, engiferi, hvítlauk og chillíi
og
Aloo Tilwalle
Rautt kartöflusmælki hægeldað í ljúfri kryddblöndu og sesam fræjum
MEÐLÆTI
Raitha
Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu
Basmati-hrísgrjón
Naan-hvítlauksbrauð
EFTIRRÉTTUR
Kulfi
Indverskur ís með pistasíum og saffran
DIWALI – HÁTÍÐ LJÓSSINS
Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu. Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil frá og með 15. október til 15. nóvember á afar góðu verði: 5.990 kr. virka daga og 6.990 kr. á föstudögum og laugardögum.
Borðapantanir í síma 552 1630.
Chandrika Gunnarsson hjá Austur-Indíafelaginu býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.
AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is
Hverfisgata 56 Sími: 552-1630 austurindia@austurindia.is Opið: Sun. - fim. frá 17:30 - 22:00, fös. og lau. frá 17:30 - 23:00
f

# Brandarakallar morgundagsins



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Fyrir Alþingi liggur enn eitt frumvarpið um að afnema einkarétt ríkisins á áfengisverslun. Þar er lagt til að sala sterks áfengis, léttvíns og bjórs verði gerði heimil í verslunum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er snúa til dæmis að frágangi vörunnar, aldri afgreiðslufólks og viðskiptavina og öðru.

Frumvörp af þessu tagi hafa verið lögð fram reglulega undanfarin ár. Ekkert þeirra hefur hlotið brautargengi og þrátt fyrir að svo virðist sem meirihluti þingmanna sé hlynntur málinu er ekkert sem bendir til að það verði sett í þann forgang að afgreiðslu þess verði lokið.

Landlæknir birti í gær Talnabrunn sinn þar sem skoðuð var breyting á áfengisneyslu Íslendinga á árunum 2007 til 2012. Þar kemur fram að litlar breytingar hafa orðið á áfengisneyslu landans á þessum tíma. Þó megi sjá örlitla niðursveiflu árið 2009 sem embættið ætlar að sé vegna áhrifa efnahagshrunsins.

Málflutningur þeirra sem mest setja sig upp á móti frjálsri verslun með áfengi snýst um áhyggjur af aukinni neyslu. Mýtuna um að aðgengi auki áganginn og þar með vandræðin sem flestir þekkja af eigin raun eða frá einhverjum í þeirra nánasta umhverfi. Því öl getur vissulega verið böl. Hins vegar er þessi staðhæfing ósönnuð og margir sem setja mikinn fyrirvara við þá staðhæfingu. Raunar er það svo að neyslunni virðist samkvæmt þessum athugunum landlæknis fremur stýrt af buddunni en aðgengi.

Umræðan um áfengisfrumvarpið í dag minnir um margt á þingveturinn 1987 til 1988 þegar tekist var á um lögleiðingu bjórsins. Rökin um að tilslakanir myndu leiða til aukinnar heildarneyslu, aukið aðgengi ungmenna og almennt heilsutjón samfélagsins voru þá margtuggin ofan í landann. Að sama skapi ætti ekki að koma neinum á óvart að andstæðingar aukins frjálsræðis voru nokkurn veginn hinir sömu.

> **Forræðishyggja er nefnilega alltaf auðveldari ef þjóðin þekkir ekki á eigin skinni þau réttindi eða þægindi sem stjórnmálamenn hafa ákveðið – af sinni miklu visku – að halda frá þeim.**

Í því samhengi verður að hafa í huga að eftir að bjórinn var leyfður þögnuðu þessar úrtöluraddir fljótt og reyndar er það svo að andstaða við bjórinn hefur í seinni tíð verið notuð ákveðnum stjórnmálamönnum til háðungar. Forræðishyggja er nefnilega alltaf auðveldari ef þjóðin þekkir ekki á eigin skinni þau réttindi eða þægindi sem stjórnmálamenn hafa ákveðið – af sinni miklu visku – að halda frá þeim. En eftir að bjórinn var leyfður 1. mars 1989 og dómsdagsspár andstæðinga bjórsins gengu ekki eftir sáu hins vegar flestir hversu fáránlegt bannið hafði raunverulega verið og nú dettur ekki nokkrum heilvita manni í hug að stinga upp á því að bjór verði aftur bannaður hér á landi.

Það sama mun verða uppi á teningnum varðandi áfengisfrumvarpið. Þegar það fer í gegn – sama hvenær það verður – og þjóðin mun kynnast þeim sjálfsögðu þægindum að þurfa ekki að kaupa áfengi úr ríkisreknum smásöluverslunum, munum við hugsa til baka og ekki skilja hvernig við gátum leyft stjórnmálamönnunum okkar slíka forræðishyggju. Og gott ef þetta verður ekki – á sama hátt og með bjórinn – notað andstæðingum þess til ævarandi háðungar.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Friða Ríkisútvarpið?**
**Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, spurði forsætisráðherra hvort hann væri tilbúinn til þess að friða Ríkisútvarpið. Taldi hann nauðsynlegt að gera það til að vernda það fyrir árás hægri manna sem vildu reyna að koma stofnuninni fyrir kattarnef. Forsætisráðherra var nú ekki á þeim buxunum að friða stofnunina og taldi hana þurfa að laga sig að breytingum í þjóðfélaginu. Tæknin mun á næstu misserum og árum taka miklum framförum. Því væri það stórhættulegt ef ætti að setja RÚV í formalín og friða það líkt og sjóvarnargarðinn víðfræga.**

**Rauðu ljósin blikka**
**Atvinnuleysi á þriðja ársfjórðungi hefur ekki verið minna frá hruni efnahagslífsins 2008. Á einu ári fjölgaði starfandi fólki um 3.200 og hlutfall þeirra sem voru á vinnumarkaði jókst um 1,3 prósentustig. Atvinnulausum fækkaði á sama tíma um 900 einstaklinga, eða um hálft prósentustig. Atvinnuleysi var því aðeins 3,5 prósent á þessum tíma. Á sama tíma stöndum við frammi fyrir mannaflsfrekum framkvæmdum í Helguvík hjá Thorsil og United Silicor, í Hvalfirði og á Bakka við Húsavík. Líklega mun þurfa að flytja erlent starfsfólk hingað til lands til að byggja upp. Íslenskt efnahagslíf er að hitna og reykurinn lyktar eins og hann gerði árið 2007.** sveinn@frettabladid.is

# Nýr gjaldmiðill eða piss í skóinn?



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Ríkisstjórnin hefur nú lokið samningum við erlenda kröfuhafa um stöðugleikaframlög, sem fela í sér að kröfuhafarnir fá hundruð milljarða í afslátt af stöðugleikaskatti gegn því að fara ekki í mál við ríkið.

Gráglettið er að hin efnislega niðurstaða er mjög í samræmi við þá leið sem við í Samfylkingunni lögðum til fyrir síðustu kosningar, um að samningsstaðan við kröfuhafa yrði nýtt og gera mætti ráð fyrir að þá skapaðist svigrúm upp á um 300 milljarða sem nýta þyrfti til greiðslu skulda ríkissjóðs. Framsóknarflokkurinn sem ætlaði fyrir kosningar að berja erlenda kröfuhafa með kylfum, semur nú við þá í mestu vinsemd.

> **Framsóknarflokkurinn sem ætlaði fyrir kosningar að berja erlenda kröfuhafa með kylfum, semur nú við þá í mestu vinsemd.**

Miklu máli skiptir að vel takist til við þessa aðgerð. Eins og seðlabankastjóri hefur sagt, er bara eitt skot í byssunni. Ástæðan fyrir því að skotið er í byssunni er sú að hún var hlaðin í tíð síðustu ríkisstjórnar, gegn vilja núverandi stjórnarflokka. Sjálfstæðisflokkurinn greiddi meira að segja atkvæði gegn því að fella slitabúin undir höft. Þess vegna höfum við krafist þess að allar staðreyndir verði uppi á borðum og óháðum sérfræðingum og þjóðinni allri gefist tími til að kanna allar forsendur til hlítar. Ef ekki er nægilega vel að verki staðið er nefnilega raunveruleg hætta að verið sé að opna dyr fyrir erlenda kröfuhafa til að sleppa létt frá höftunum, en að þjóðin, lífeyrissjóðir í hennar eigu og innlend fyrirtæki sitji áfram innan hafta.

En ef vel tekst til skapast tækifæri til að stíga næstu skref. Þá verða kjöraðstæður til að taka upp nýjan gjaldmiðil og losa okkur út úr þeim eilífðarvanda sem fylgir krónunni og verðtryggingunni. Ef tækifærið verður ekki nýtt, blasir því miður enn og aftur við ný hringrás uppgangs, verðbólgu, vaxtahækkana, gengisfellingar og hækkunar verðtryggðra lána. Nú þarf ríkisstjórn sem þorir að nýta árangurinn til að gera grundvallarbreytingar til góðs.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Opið bréf til borgarstjórnar




**Þórunn Guðmundsdóttir**
formaður STÍR og aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík



**Gunnar Guðbjörnsson**
skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz



**Sigurður Flosason**
aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla FÍH


Um miðjan október fóru fram réttarhöld í máli Tónlistarskólans í Reykjavík gegn Reykjavíkurborg vegna vangoldins kennslukostnaðar. Þar svaraði borgarlögmaður því með ótvíræðum hætti að ábyrgð á tónlistarnámi samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla lægi hjá sveitarfélögunum lögum samkvæmt og það hefði ekki breyst við undirritun „Samkomulags um eflingu tónlistarnáms“ sumarið 2011.

Þetta samræmist því sem Samtök tónlistarskóla í Reykjavík (STÍR) hafa haldið fram frá upphafi og sá skilningur hefur ítrekað verið staðfestur af fyrrverandi og núverandi menntamálaráðherra. Undanfarin fjögur ár hefur það hins vegar komið fram á fjölmörgum fundum með borgarstjóra, borgarfulltrúum og embættismönnum borgarinnar að borgin telji að ríkið hafi tekið yfir ábyrgð á framhaldsnámi í hljóðfæraleik og miðnámi og framhaldsnámi í söng. Umsögn Birgis Björns Sigurjónssonar, fjármálastjóra borgarinnar, til borgarráðs (dagsett 24. maí 2011) tekur af allan vafa um ábyrgð borgarinnar vegna samkomulagsins: „...sveitarfélögin (skuldbinda) sig til að fjármagna kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru við viðurkennda tónlistarskóla og uppfylla inntökuskilyrði og reglur um námsframvindu. Í samkomulaginu er ekki afmarkaður fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt samkvæmt því til stuðnings frá sveitarfélaginu með öðrum hætti en ofangreindum. Áhættan liggur þannig hjá sveitarfélögum hvað varðar fjölda nemenda og viðbótarkostnað sem það kann að leiða til.“ Áhættan og ábyrgðin liggur semsagt hjá sveitarfélögunum.

**Hrópandi ósamræmi**

Í Ársskýrslu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2011 (bls. 14) er sagt að í samkomulaginu komi fram kostnaðarhlutdeild ríkisins, rætt er um aukningu á framlögum til málaflokksins og að sveitarfélög skuli tryggja að átthagafjötrar hverfi. Þetta þrennt er í hrópandi ósamræmi við það sem varð svo raunin – Reykjavíkurborg fór að halda því fram að ríkið eitt ætti að standa straum af öllum kostnaði við miðnám í söng og allt framhaldsnám, borgin tók út öll framlög sín til efri stiganna og lýsti því jafnframt ítrekað yfir að nemendur úr öðrum sveitarfélögum kæmu borginni ekkert við. Æ ofan í æ hefur skólastjórum tónlistarskóla í borginni verið bent á að hætta að krefja borgina um stuðning við framhaldsnám vegna þess að hið eina rétta í stöðunni sé að herja á menntamálaráðuneytið.

En úr því að Reykjavíkurborg viðurkennir loks að ábyrgðin sé hennar, hver er þá málsvörnin? Af hverju brúar hún ekki bilið milli kennslukostnaðar og framlags ríkisins eins og önnur sveitarfélög? Jú, lögum samkvæmt hafa sveitarfélög rétt á að ákveða fyrirkomulag varðandi stuðning við tónlistarnám. Borgin hafi í þessu tilviki ákveðið að styðja eingöngu við grunnnámið og miðnám í hljóðfæraleik. Ef þetta er raunin, þá vakna ýmsar spurningar:

Af hverju fullyrti borgin ítrekað að ábyrgðin væri ekki hennar, þegar henni var það greinilega ljóst frá upphafi að ábyrgðin lægi hjá borginni?

**Borgin axli ábyrgð**

Reykjavíkurborg viðurkennir að sveitarfélögin ein beri ábyrgð á tónlistarnámi. Með því að hætta stuðningi við framhaldsnám gerir borgin skólunum ókleift að kenna tónlist á framhaldsstigi. Er það meðvituð ákvörðun hjá borgaryfirvöldum að leggja niður framhaldsnám í tónlist í borginni? Hvenær var þessi ákvörðun tekin og var hún rædd með formlegum hætti? Reykjavíkurborg er stjórnvald og þetta er því stjórnvaldsákvörðun sem þarf að tilkynna með formlegum hætti og gefa tónlistarskólum andmælarétt. Stenst þessi ákvörðun úr því að það var ekki gert?

Á fundi með borgarstjóra vorið 2014 sagði hann eitthvað á þá leið að hann tryði því ekki að Illugi Gunnarsson vildi að tónlistarskólarnir færu á hausinn á hans vakt. Það hefur nú verið staðfest að það er borgarstjóri sem stendur vaktina og því hlýtur lokaspurningin að vera: Vill Dagur B. Eggertsson að tónlistarskólarnir fari á hausinn á hans vakt?

Samtök tónlistarskóla í Reykjavík hvetja borgina eindregið til að axla ábyrgð og leita allra leiða til að finna lausn á vandamálum tónlistarskóla í borginni. Það er sannfæring okkar að þverpólitískur vilji sé um að finna málinu lausn og ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu að finna skynsamlega kostnaðarskiptingu á málaflokknum.

> **Það hefur nú verið staðfest að það er borgarstjóri sem stendur vaktina og því hlýtur lokaspurningin að vera: Vill Dagur B. Eggertsson að tónlistarskólarnir fari á hausinn á hans vakt?**




# Nýtur þess að vera á vellinum

**Ragnar Nathanaelsson hefur komið inn í Domino's-deild karla af miklum krafti eftir erfitt ár. Þessi 220 sentímetra miðherji hefur lært mikið af mótlætinu og nálgast leikinn á allt annan hátt en hann gerði.**

**KÖRFUBOLTI** Fáir hafa vakið jafn mikla eftirtekt í Domino's-deild karla það sem af er tímabili og miðherjinn Ragnar Nathanaelsson hjá Þór Þorlákshöfn. Það er varla annað hægt enda Ragnar 220 sentímetrar að hæð.

Það er augljóst á tölum Ragnars, sem má sjá hér til hliðar á síðunni, að hann hefur látið vel til sín taka. Spekingar eru á einu máli um að Ragnar hafi stórbætt sig frá því að hann lék síðast með Þórsurum, veturinn 2013-14, en að því tímabili loknu hélt hann til Svíþjóðar.

Ragnar var hluti af Íslendinganýlendunni í Sundsvall á síðasta tímabili. Alls spiluðu fjórir Íslendingar með Drekunum þá, auk Ragnars voru það Hlynur Bæringsson, Jakob Örn Sigurðarson og Ægir Þór Steinarsson. Aðeins Hlynur er enn að spila með Sundsvall Dragons.

„Ætli þetta hafi ekki verið stærra stökk en ég bjóst við að það yrði," sagði Ragnar í samtali við Fréttablaðið. Ragnar fékk lítið að spila í Svíþjóð en var engu að síður valinn í íslenska landsliðið fyrir EM í sumar, þar sem hann var aftur í litlu hlutverki.

„Það var gott að vera með hina Íslendingana með mér í Svíþjóð. Þeir voru mínir björgunarkútar. Þeir pössuðu upp á að ég yrði ekki leiður og byrjaði að kenna sjálfum mér um. Þess í stað lögðu þeir áherslu á að ég myndi njóta þess að vera þarna, enda fullt af fólki sem myndi gefa mikið til að vera í sömu sporum og ég," segir Ragnar sem segist ekki efast um að reynslan muni nýtast honum vel fái hann aftur tækifæri til að fara í atvinnumennsku.


Ragnar átti stórleik á móti Michael Craion og Íslandsmeisturum KR í annarri umferð tímabilsins, þar sem Íslandsmeistararnir sigu ekki fram úr fyrr en í lokaleikhlutanum. Hér fagnar hann einni körfu sinna manna í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Fór að vorkenna sjálfum mér

Eftir fyrstu tvo leiki Íslands á EM, þar sem Ragnar spilaði aðeins tvær sekúndur í hvorum, leið honum ekki vel að eigin sögn.

„Ég gleymdi því að ég ætti að njóta þess að vera þarna og fór frekar að pæla í mínútunum. Ég hóf að vorkenna sjálfum mér í stað þess að njóta augnabliksins. Þarna var ég með íslenska landsliðinu á stórmóti og ansi margir sem hefðu viljað vera í mínum sporum."

Ragnar fékk góð ráð frá sínu nánasta fólki og herbergisfélaga. Það dugði til að breyta viðhorfi hans, sem hann tileinkar sér enn í dag. „Ég fór fremur að einbeita mér að því hvað ég gæti gert til að hjálpa liðinu, þó það væri aðeins utan vallar. Þá byrjaði ég að öskra meira af bekknum og hvetja menn áfram. Það gerði það að verkum að mér leið mun betur."

Hann segir að árið í Svíþjóð og með íslenska landsliðinu hafi gefið honum nýja sýn á íþróttina. „Ég virði körfuboltann og nýt þess að vera á gólfinu. Það er kannski ástæðan fyrir því að mér gengur betur. Ég er með góða stráka í kringum mig, góða þjálfara og góða áhorfendur. Ég leyfi leiknum að koma til mín fremur en að þvinga eitthvað fram sem veldur aðeins pirringi í sjálfum mér."

### Æfði eins og skepna í sumar

Ragnar segir að aðkoma tveggja manna hafi breytt miklu fyrir sig í sumar. Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Þórs Þorlákshafnar, og Baldur Þór Ragnarsson hafi hjálpað honum heilmikið í sumar. Baldur er liðsfélagi Ragnars hjá Þór en einnig styrktarþjálfari íslenska landsliðsins.

„Ég æfði mig eins og skepna í sumar, strax þegar ég kom heim frá Svíþjóð. Þá fór ég að vinna í alls konar varnaræfingum og sprengiæfingum. Þjálfarateymið í landsliðinu er einnig öflugt og það passaði vel upp á að taka okkur stóru strákana til hliðar og vinna með okkur í séræfingum."

Hann segir að litlir hlutir eins og að taka skotæfingu af vítalínunni eftir hverja æfingu hafi hjálpað sér. „Þó það hafi stundum ekki verið nema 20-30 skot. Það er strax byrjað að borga sig," segir Ragnar sem er nú með 74% skotnýtingu sem er bæting um rúm 20% frá því að hann spilaði síðast á Íslandi.

Hann segir að Þórsarar ætli sér að ná langt í vetur og að liðið sé rétt að byrja. „Ég kom ekki fyrr en um miðjan september inn í liðið og við erum enn að læra hverjir á aðra. Við verðum vonandi bara betri með hverjum leiknum."

Ragnar lætur það ekki á sig fá þó svo að fáir hefðu reiknað með því að hann yrði jafn áberandi í deildinni og raunin varð. Hann er ekki að hugsa um að senda gagnrýnendum og spekingum skilaboð.

„Einu skilaboðin mín er að ég vil sýna fólki að ég nýt mín á vellinum." eirikur@frettabladid.is

## Toppframmistaða

**Ragnar Ágúst Nathanaelsson í fyrstu fjórum umferðunum í Domino's deild karla.**

*Hæsta framlag í leik*
1. sæti - **30,5 í leik**

*Besta skotnýting*
2. sæti - **56,6 prósent nýting**

*Flest fráköst í leik*
1. sæti - **17,0 í leik**

*Flest sóknarfráköst í leik*
1. sæti - **8,0 í leik**

*Flest varin skot í leik*
1. sæti - **2,5 í leik**

*Flestar tvennur*
1. sæti - **4 tvennur í 4 leikjum**

Finnið og sjáið að Drottinn er góður, sæll er sá maður sem leitar hælis hjá honum...
www.versdagsins.is

Makamissir

Dr. Bragi Skúlason flytur erindi um makamissi
á samveru Nýrrar dögunar miðvikudagskvöldið
4. nóvember kl. 20:00 í safnaðarheimili Háteigskirkju.

Stuðningshópur hefst í kjölfarið.
Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

*Bragi lauk rannsókn á sorg íslenskra ekkla 2014 en var áður búinn að vinna með ekkjum í sorgarnámskeiðum í mörg ár. Makamissir er með álagsmestu lífsreynslu sem þekkt er. Eftirlifandi maki þarf að takast á við miklar breytingar og aðlagast lífi á mjög breyttum forsendum.*

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð
Krabbameinsfélagið

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

## Nýjast

**HAUKUR HETJAN Í FYRSTA HEIMALEIKNUM**



Njarðvík, Haukar og KR voru í gærkvöldi þrjú síðustu liðin sem tryggðu sér sæti í sextán liða úrslitum Poweradebikarsins í körfubolta en í dag verður síðan dregið í sextán liða úrslitin hjá bæði körlum og konum. Tíu af tólf Domino's-deildar liðum verða í pottinum eða öll nema ÍR og FSu sem töpuðu fyrir öðrum úrvalsdeildarliðum í 32 liða úrslitunum um helgina. Haukur Helgi Pálsson lék sinn fyrsta heimaleik með Njarðvík í Ljónagryfjunni og strákurinn hélt upp á það með því að skora sigurkörfuna rétt fyrir leikslok þegar Njarðvík vann 66-63 sigur á Tindastól í gær. Þetta var fyrsti leikur Stólanna síðan þeir ráku finnska þjálfarann Pieti Poikola.

**ÞRIÐJI LEIKURINN Á FIMM SÓLARHRINGUM**

Topplið ÍBV í Olís-deild kvenna heimsækir Hauka á Ásvelli í kvöld en ÍBV-liðið tapaði sínum fyrsta leik þegar Eyjakonur steinlágu með ellefu mörkum á móti Val á laugardaginn. Þetta verður þriðji leikur ÍBV á rétt rúmum fimm sólarhringum en þær spiluðu á fimmtudagskvöld í Eyjum, í Reykjavík á laugardegi og nú á þriðjudagskvöldi í Hafnarfirði. Haukakonur ætla heldur ekki að gefa neitt. Þær hafa unnið sex leiki í röð og ekki tapað síðan Maria Ines da Silva Pereira kom til liðsins.

> Njarðvík hefur efni á stærsta bitanum á markaðnum þ.a. að fá Hauk Pál en þeir hafa ekki efni á almennilegri nettengingu.
>
> Halldór G Jónsson
> @Dorijons1

**GLÓDÍS PERLA VERÐUR ÁFRAM Í ESKILSTUNA 2016**

Íslenski landsliðsmiðvörðurinn Glódís Perla Viggósdóttir hefur framlengt samning sinn við sænska liðið Eskilstuna United um eitt ár. Glódís Perla, sem er aðeins tvítug, var fastamaður í öðru besta liði Svíþjóðar á sínu fyrsta tímabili í atvinnumennsku.



„Glódís hefur bætt sig mikið á þessu fyrsta ári og hefur alla burði til þess að bæta sig enn meira. Það er gleðiefni að hún spili með okkur á komandi tímabili," sagði Viktor Eriksson, þjálfari liðsins, í viðtali við heimasíðu Eskilstuna United.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | **Meistarad.kvöld** | Sport 4 |
| 19.30 | **Man. Utd - CSKA** | Sport 3 |
| 19.30 | Sevilla - Man. City | Sport 5 |
| 19.30 | Real Madrid - PSG | Sport |
| 19.30 | Shakhtar - Malmö | Bravó |
| 21.45 | Meistarad.mörkin | Sport |
| 19.30 | **Haukar - ÍBV** | **Schenkerhöllin** |



**BETRA AÐ TYGGJA MATINN**
Safar og þeytingar hækka blóðsykur hraðar en ef sömu fæðu er neytt í föstu formi. Betra er fyrir líkamann að fá fæðuna oftar í föstu formi. Bryndís Eva Birgisdóttir rannsakar muninn á því að drekka þeyting og borða mat. SÍÐA 2


**Ókeypis**
lyfjaskömmtun í
Borgar Apóteki !

| Skömmtunargjöld f. 4 vikna lyfjatiltekt | |
|---|---|
| Lyfja (Lyfjalausnir) | 1.537 |
| Lyf & Heilsa (SA lyfjaskömmtun) | 1.000 |
| Lyfjaver | 600 |
| **Borgar Apótek** | **0** |

Borgar Apótek
Borgartúni 28, sími 553 8331
– Þín vegna





Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is





GERRY-WEBER – BETTY BARCLAY
Skoðið laxdal.is
www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook


# NÚ LÍFRÆNT OG ENN ÖFLUGRA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Beetroot frá Natures aid er enn þá öflugra lífrænt rauðrófu-extrakt fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu. Rauðrófan eykur blóðflæðið og stuðlar að betri líðan og betri heilsu.*

Rauðrófan eykur framleiðslu á efninu nitric oxide sem bætir blóðflæðið og hefur jákvæð áhrif á blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- og æðakerfi, þvagblöðru, ristil, nýru og lifur. Almennt framleiðir líkaminn nóg af þessu efni ef við hreyfum okkur reglulega og borðum holla fæðu. Með aldrinum, aukinu álagi, minni hreyfingu og lélegu mataræði minnka birgðir efnisins í líkamanum. Rauðrófuhylkin geta stuðlað að aukningu á framleiðslu þessa efnis.

**FRÁBÆR ÁRANGUR**

Kristbjörg Jónsdóttir er 51 árs matartæknir sem hefur starfað sem dagmóðir og í eldhúsi Landspítalans við sérfæði. „Ég hef alltaf spáð mikið í hollt mataræði og bætiefni og prófað margt í tengslum við það. Alla tíð hef ég verið mjög hand- og fótköld, sérstaklega á veturna. Þegar ég sá rauðrófuhylkin frá Natures Aid auglýst ákvað ég að prófa þau þrátt fyrir að hafa áður prófað samsvarandi vöru í öðru formi sem ekki virkaði fyrir mig. Ég fann strax mikinn mun enda létu áhrifin ekki á sér standa.

**BLÓÐFLÆÐIÐ MEIRA OG ORKAN BETRI**

Ég tek alltaf tvö hylki í hádeginu og finn mikinn mun á hand- og fótkuldanum. Sem dagmóðir vinn ég með börn allan daginn og það reynir mikið á að vera að lyfta þeim. Því hef ég oft verið slæm af vöðvabólgu en eftir að ég byrjaði að taka rauðrófuhylkin hefur bólgan minnkað mikið. Ég kenni líka Zumba Fitness þrisvar í viku og ef ég kenni tvöfaldan tíma tek ég tvö hylki fyrir tímann. Á þann hátt finnst mér ég hafa betra úthald og vera fljótari að jafna mig. Ég er einnig að æfa hlaup og tók þátt í mínu fyrsta hálfmaraþoni í haust. Áður en ég lagði af stað tók ég tvö hylki og fann greinilega hvað orkan var meiri og blóðflæðið betra á hlaupunum.

Útsölustaðir: Lyfja, Apótekarinn, Lyf og heilsa, Apótekið, Apótek Ólafsvíkur, Hagkaup, Fræið Fjarðarkaup og Heilsutorg Blómavals.

**Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is**

**ÚTSÖLUSTAÐIR:**
**Lyfja, Apótekarinn, Lyf og heilsa, Apótekið, Apótek Ólafsvíkur, Hagkaup, Fræið Fjarðarkaup og Heilsutorg Blómavals.**



KRISTBJÖRG JÓNSDÓTTIR

**BETRA ÚTHALD**
„Mér finnst ég hafa meiri orku og betra úthald."

**ALLT ANNAÐ**
„Ég finn mikinn mun á hand- og fótkuldanum."






**BÆTIR BLÓÐFLÆÐI**
Rauðrófan eykur framleiðslu á efninu nitric oxide sem bætir blóðflæði.











Það er vel þekkt að máltíðir sem samanstanda af drykkjum og þeytingum sem innihalda kolvetni í einhverri mynd, svo sem úr ávöxtum eða öðrum kolvetnaríkum matvælum, hækka blóðsykur hraðar en ef sömu máltíða er neytt á föstu formi.

# EKKI MAUKA ALLT

**MATARÆÐI** *Neysla á þeytingi hefur aukist töluvert á undanförnum árum. Næringarfræðingur segir að ekki sé gott að borða matinn alltaf maukaðan.*

Það er vel þekkt að máltíðir sem samanstanda af drykkjum og þeytingum sem innihalda kolvetni í einhverri mynd, svo sem úr ávöxtum eða öðrum kolvetnaríkum matvælum, hækka blóðsykur hraðar en ef sömu máltíða er neytt í föstu formi. Fyrstu niðurstöður úr rannsókn sem Bryndís Eva Birgisdóttir, dósent í næringarfræði við Háskóla Íslands, stýrir benda í sömu átt. Í rannsókninni var skoðaður munur á því að drekka þeyting og borða mat. „Niðurstöðurnar eru í samræmi við erlendar rannsóknir og á þessari stundu benda vísindagögn frekar til þess að best sé fyrir líkamann að fá næringuna oftar í formi matvæla sem við þurfum að tyggja en sömu matvæli maukuð eða í þeytingi, sem eru þó betri kostur en safar.“

Sykurstuðull er mælikvarði sem notaður hefur verið til að meta hversu hratt kolvetni í formi glúkósa frásogast úr meltingarveginum og inn í blóðrásina eftir máltíð. „Rannsóknir sýna að þegar búið er að mauka mat sem inniheldur kolvetni, til dæmis epli eða peru, þá á glúkósinn og ávaxtasykurinn greiðari leið inn í líkamann,“ útskýrir Bryndís Eva. Hún segir þó töluverðan mun á einstaklingum og greinilegt að sumir séu viðkvæmari fyrir kolvetnum og sveiflum í blóðsykri og þeim viðbrögðum sem fylgja í kjölfarið, heldur en aðrir og á það ekki bara við um þá sem eru greindir með sykursýki eða skert sykurþol.

## ÞEYTINGAR ÞÓ BETRI EN DRYKKIR

Í þeytingi er ávöxturinn oft notaður heill en frásog er hraðar séu trefjarnar sem er að finna í öllum ávöxtum skildar frá eins og þegar um er að ræða hreina ávaxtasafa. Þessir drykkir mælast þannig með enn hærri sykurstuðul, sumir svipaðan og sykraðir gosdrykkir að sögn Bryndísar. Hún nefnir einnig að fólki hætti til að innbyrða mun meira magn á drykkjarformi en á föstu formi. „Í einu glasi af appelsínusafa sem við skellum í okkur á nokkrum sekúndum getur verið safi úr fimm appelsínum en við næðum aldrei að borða fimm appelsínur á sama tíma. Einnig virðast flestir finna fyrr fyrir svengd á nýjan leik eftir að hafa innbyrt drykki en eftir máltíð.“

Bryndís áréttar að þó sé betra að fá sér þeyting en að borða ekkert af ávöxtum eða grænmeti. „Í þeytingum fær fólk alls kyns næringarefni og hollefni sem það væri ekkert endilega að fá annars. Það er af hinu góða. Svo er líka gott að setja til dæmis spínat eða annað grænmeti saman við ávextina því flest grænmeti hægir á frásoginu. Til dæmis eru ekki mikil kolvetni í spínatinu en mikið af trefjum. Trefjar tefja frásog næringarefna inn í líkamann og bæta meltinguna.“ Það þarf því að muna að halda jafnvægi, ekki bara að fá sér þeyting heldur líka heila ávexti og grænmeti.


Bryndís Eva Birgisdóttir, dósent í næringarfræði við Háskóla Íslands.

## FREKARI RANNSÓKNIR

Bryndís hyggur á frekari rannsóknir á áhrifum ýmissa matvæla á blóðsykursveiflur og líðan og ætlar þá að skoða sérstaklega matvæli sem eru framleidd hérlendis eða mikið er borðað af á Íslandi. „Okkur langar að skoða betur séríslensk hráefni sem eru rík af kolvetnum eins og rúgbrauðið okkar, flatkökur og fleira. Við erum komin með spennandi niðurstöður en okkur vantar fleiri þátttakendur til þess að geta bætt við rannsóknina og styrkt gögnin.“ segir Bryndís Eva.

■ liljab@365.is



# VILLIDÝR SEM GAMAN ER AÐ TEMJA

**Brautarakstur á 610 hestafla Audi R8 er líklega með því skemmtilegasta sem hægt er að bjóða sérhverjum bílaáhugamanni. Þessi öflugi ofurbíll Audi er hreint ótrúlegt akstursstæki.**

Ekki langt frá höfuðstöðvum Audi í Ingolstadt í Þýskalandi starfrækir Audi glæsilega akstursbraut þar sem reyna má þeirra öflugasta sportbíl, Audi R8, við bestu aðstæður. Greinarritara bauðst það einmitt um daginn og spenningurinn fyrir akstri þessa ofurbíls á kappakstursbraut hefur líklega aldrei verið meiri. Audi R8 er enginn venjulegur bíll, hann er vopnaður 610 hestafla og 10 strokka vél sem hvílir aftan í bílnum undir gleri svo virða megi nú fyrir sér dýrðina sem drífur þennan bíl áfram. Auk þess er hann fjórhjóladrifinn svo öll hestöflin skili sér nú í undirlagið. Audi R8 hefur frá því hann sá fyrst dagsljósið verið mærður mjög af þeim sem mikið vit hafa á bílum og sagt að þar fari svo mikið draumatæki að líklega sé vandfundinn jafningi hans. Það var ég tilbúinn að sannreyna og ekki stóð til að hlífa bílnum neitt sérstaklega við aksturinn.

Með í för voru nokkrir hérlendir og jafn spenntir ökumenn. Var okkur raðað í bílana, tveimur í hvern bíl, og voru sumir svo heppnir að vera einir í bíl.

### Blaut brautin bara bónus

Áður en út á braut var farið var messað yfir okkur um hvað mátti og hvað ekki, ýmislegt um bílinn og getu hans og nauðsynleg öryggisatriði. Þennan dag var meira og minna úrhellisrigning og brautin því rennandi blaut, en ekki var það til að gera aksturinn á nokkurn hátt minna skemmtilegan, en miklu meira krefjandi. Það þótti mörgum einungis aukabónus. Farið var út á braut í fjögurra bíla hópum með undanfara á sams konar bíl. Hóparnir voru tveir og skemmtilegt frá því að segja að þessir tveir undanfarar voru feðgin og dóttirin reyndur kappakstursökumaður sem náð hefur góðum árangri í keppnum. Ekki slæmt að hafa slíkan undanfara og útlit hennar skemmdi alls ekkert fyrir heldur!

Mörgum sinnum var farið út á braut og eknir fjórir hringir í senn þar sem hraðinn jókst sífellt og ávallt var svo farinn fimmti hringurinn til að kæla bæði bremsur og vél eftir mikil átökin. Þátttakendur náðu fljótt tökunum á akstri þessa gríðaröfluga bíls og blaut brautin lærðist furðu fljótt. Hrikalega gaman var að finna hve mikið bíllinn þoldi í hverri beygju áður en gripið gaf eftir og sífellt var reynt meira og meira á þyngdarlögmálið.

Í þessum átökum öllum kom það fyrir nokkra ökumenn að missa bílinn út úr brautinni, en þar sem brautin var einkar fyrirgefanleg og vegrið langt frá malbikinu gerði þetta ekkert til, en bílarnir fengu aðeins að kynnast bæði grasi og möl á þeirri vegferð. Úr þessu varð náttúrulega hin brjálaðasta skemmtun og vel var skotið á þá sem misstu bíla sína út af braut, en það sýndi bara að þeir voru að kreista það mesta út úr bílunum og var þar af ýmsu að taka.

### Ótrúlegt afl

Þegar bílnum er gefið í botn, hvort sem það er frá kyrrstöðu eða á þó nokkurri ferð þrýstist ökumaður aftur í sætið og gæsahúðin sprettur fram eins og gorkúlur að sumri. Afl þessa bíls er svo yfrið að svo til enginn í hópnum hafði kynnst öðru eins, enda ekki á hverjum degi sem menn aka ofurbílum sem eru 3,2 sekúndur í hundraðið og með 330 km hámarkshraða. Það verður eiginlega ekki annað sagt en að upplifunin við að finna allt aflið sé engu lík og gæti bæði grætt hvaða ökufól sem er af einskærri gleði og í leiðinni hrætt úr honum líftóruna. Það ætti hreinlega enginn að fara í gröfina án þess að upplifa þessa tilfinningu. Það voru ánægðir, sveittir, örlítið hræddir, en aðallega hamingjusamir ökumenn sem stigu úr bílum sínum eftir mikinn akstur á brautinni góðu, en ekið var með hléum frá kl. 10 til 16 þennan frábæra dag sem enginn þátttakenda mun gleyma í bráð.




BETRA START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

**Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótorhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.**




EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Exide rafgeymarnir fást hjá:

MAX1 BÍLAVAKTIN

olís

Ellingsen

PIPAR\TBWA • SÍA • 131858

# FÆKKAR BÍLAMERKJUM VOLKSWAGEN

Mikil útgjöld vegna dísilvélasvindlsins gætu þrýst Volkswagen til að selja eitthvert bílamerkja sinna.

Volkswagen-bílasamstæðan samanstendur af einum níu merkjum bíla, tveimur flutningabílamerkjum og einu mótorhjólamerki. Þessi risi hefur verið byggður upp á síðustu tveimur áratugum. Sum þessara merkja hafa skilað gríðarlegum hagnaði, svo sem Porsche og Audi, en önnur hafa skilað tapi til langs tíma, en verið haldið uppi af þeim arðsamari. Nú þegar við blasir að Volkswagen þarf að eyða gríðarlegum upphæðum í innköllanir og sektir vegna dísilvélasvindlsins kemur upp sú spurning hvort Volkswagen hafi lengur efni á að halda uppi „nice to have“-merkjum og losi sig við þau. Kemur þá fyrst upp í hugann Bugatti, Seat og Ducati, sem lengi hafa skilað tapi.

## Bugatti bara stöðutákn

Matthias Müller, nýráðinn forstjóri Volkswagen, hefur sagt að fyrirtækið verði að hætta við eða fresta verkefnum sem ekki eru nauðsynleg rekstri og uppbyggingu fyrirtækisins á þessum tímum mikilla fjárútláta. Bugatti hefur aldrei skilað hagnaði til Volkswagen frá því fyrirtækið var keypt árið 1998. Bugatti hefur þótt stöðutákn fyrir Volkswagen, sem bílasmiður vönduðustu og hraðskreiðustu bíla heims, sem seljast fyrir hundruð milljóna stykkið. Það er allt í lagi að hafa slíkt merki innan sinna raða þegar vel gengur og hagnaður annarra fyrirtækja gerir mörgum sinnum meira en að greiða upp tap slíkra stöðutákna. En nú, þegar skórinn kreppir að gæti Volkswagen íhugað að losa sig við fyrirtækið, þar sem það þarf alla sína fjármuni til að greiða úr dísilvélasvindlinu. Margir hafa reyndar spurt sig hvað Volkswagen hefur frá upphafi haft með Bugatti-merkið að gera, en ef til vill aldrei eins og nú.

## Seat ekki skilað hagnaði frá 2007

Volkswagen á bæði MAN- og Scania-vörubíla og rútuframleiðendurna, en hefur ekki tekist að ná fram samlegðaráhrifum af rekstri þeirra, þó svo þau nái jafnan fram einhverjum hagnaði, litlum þó. Spænski bílaframleiðandinn Seat sem tilheyrir Volkswagen-bílafjölskyldunni hefur ekki skilað hagnaði frá árinu 2007 og bílar framleiðandans þykja skarast um of við bílalínu Skoda, sem einnig tilheyrir Volkswagen. Það hlýtur því að freista Volkswagen að losa sig við Seat ef fjárhagsvandræði steðja að. Þar kemur þó á móti að rekstur Seat hefur gengið nokkuð vel á árinu og líklega verður hagnaður af rekstrinum í ár. Einnig gæti það komið í veg fyrir sölu á Seat að slík ráðstöfun myndi mæta andstöðu leiðtoga stéttarfélaga. Þar sem helmingurinn af stjórn Volkswagen er nú skipaður leiðtogum stéttarfélaga er ólíklegt að Seat hverfi úr eignasafni Volkswagen í bráð. Í verksmiðjum Seat er að auki smíðuð ein gerð Audi-bíls og frekar er talið líklegt að Volkswagen muni auka við þá tilhögun.



Höfuðstöðvar Volkswagen í Wolfsburg.



## Hagnaður GM ekki hærri frá gjaldþroti

Þriðji ársfjórðungur var General Motors ábatasamur því allt frá því að bandaríska ríkið bjargaði fyrirtækinu frá gjaldþroti árið 2009 hefur GM ekki skilað meiri hagnaði á einum ársfjórðungi. Hagnaður GM nam 170 milljörðum króna. Hagnaður GM hefði orðið miklu meiri ef ekki hefði komið til mikilla bótagreiðslna vegna galla í ræsibúnaði GM-bíla sem olli 124 dauðsföllum á undanförnum árum. Sala bíla GM í Bandaríkjunum hefur verið með eindæmum góð og mikill hagnaður af rekstri þar, eða 11,8% á þessum síðasta ársfjórðungi. Ekki hefur þessi tala heldur verið hærri frá árinu 2009. Hlutabréfaverð í GM hækkaði um 4% við birtingu þessa góða árangurs GM.

### Enn tap í Evrópu

Góður söluárangur náðist einnig í Kína þrátt fyrir að kólnað hafi aðeins í bílamarkaðnum þar. GM hefur lengi tapað á rekstri í Evrópu en tapið þar minnkað úr 387 milljón dollurum í fyrra í 231 milljón í ár. Það er ekki síst batnandi gengi Opel sem hjálpað hefur til við þennan bata. GM áætlar að reksturinn í Evrópu skili hagnaði á næsta ári. Reksturinn í Suður-Ameríku versnaði á milli ára og nam tapið 217 milljón dollurum, en var 32 milljónir í fyrra.

# LANGBAKAR 60% AF STÆRRI FÓLKSBÍLUM Í EVRÓPU

Sú var tíðin fyrir komu flestra jepplinga nútímans að millistærðarbílar eins og Volkswagen Passat og Ford Mondeo seldust eins og heitar lummur í Evrópu og alls seldust 866.000 bílar í þessum stærðarflokki bíla árið 2011 í Evrópu. Eftir tilkomu sífellt fleiri jepplinga hallaði undan sölu þessara millistærðarbíla og í fyrra seldust 543.607 slíkir bílar í álfunni. Því er þó spáð að sala slíkra bíla muni verða um 600.000 árin 2015 til 2018 og því eru þeir aftur að sækja í sig veðrið. Mesta breytingin í sölu slíkra bíla er þó fólgin í því að flestir kaupendur þeirra velja langbaksútfærslur þeirra, eða um 60% í fyrra en það hlutfall var aðeins 30% árið 2000. Kaupendur þeirra meta góða flutningsgetu þeirra en margir þeirra hafa meira flutningsrými en jepplingar og að auki eru þessir bílar flestir ódýrari en þeir og með meiri akstursgetu.

## 90% millistærðarbíla í Þýskalandi langbakar

Í Þýskalandi velja kaupendur millistærðarbíla í 90% tilfella langbaksútfærslurnar, en hlutfallið í öðrum löndum er þó lægra en vaxandi. Í Bretlandi er það 37% en aðeins 28% á Spáni. Svíþjóð er með hæsta hlutfallið í Evrópu með 95% bílanna í langbaksútfærslu og á Ítalíu eru þeir 90% líkt og í Þýskalandi, en í Frakklandi eru þeir 52%. Langflestir millistærðarbílar seldust í Þýskalandi í fyrra eða 143.524. Næst þar á eftir er Bretland með 95.197, svo Frakkland með 53.592, Spánn með 31.955, Pólland með 26.895 og Svíþjóð með 25.676. Í tilviki söluhæsta bíls Evrópu í þessum flokki bíla, Volkswagen Passat, seljast 79% þeirra í langbaksútfærslu og á salan í heimalandinu Þýskalandi þar mestan hlut. Samsvarandi hlutfall fyrir Ford Mondeo, næst söluhæsta bílinn, er 52%.



Volkswagen Passat af langbaksgerð.

## 40% söluaukning Passat og 57% á Mondeo

Í ár hefur sala í flokki millistærðarbíla vaxið um 12% á fyrri helmingi þessa árs og á tilkoma nýrra kynslóða Volkswagen Passat, Ford Mondeo og fleiri bíla mikinn þátt í því. Söluhæsti bíllinn er sem fyrr segir Volkswagen Passat og seldust 111.292 slíkir á þessum fyrstu 6 mánuðum ársins og jókst sala hans um 40% frá fyrra ári. Næstsöluhæsti bíllinn er Opel Insignia með 49.243 bíla en sala hans minnkaði um 5% á sama tíma. Þriðji söluhæsti bíllinn er Ford Mondeo með 41.215 bíla og seldust 57% fleiri bílar en í fyrra. Í fjórða sæti er Peugeot 508 með 24.471 (7,3% aukning) bíl, svo Skoda Superb með 24.362 (1,3% aukning) bíla og Mazda6 í sjötta sæti með 15.948 (8,3% minnkun) bíla.

# AFLMIKILL GLE COUPÉ

Það kemur margt spennandi úr smiðju Mercedes-Benz um þessar mundir. Sportjeppinn GLE Coupé hefur verið kynntur til leiks og hann kemur með mörgum spennandi vélum. Öflugasta útfærslan er 63 AMG og þá kemur sportjeppinn einnig sem 450 AMG sem er nýr og góður valkostur. Auk þess verður GLE Coupé í boði sem 350d og þá með 260 hestafla dísilvél. Nýr GLE Coupé er sterklegur ásýndum og með aðlaðandi formlínum. Þaklínan hallar að aftanverðu sem gefur honum sportlegt coupé-útlit. Innanrýmið er vandað og vel búið tækni og lúxus. Sportjeppinn er vel búinn búnaði og í boði með ýmsum aflmiklum vélum.

## AMG útgáfan 557 hestöfl

63 AMG útfærslan er með 5,5 lítra, V8 vél með tveimur forþjöppum og aflmeiri en áður. Í grunngerð skilar vélin 557 hestöflum. Hröðun úr kyrrstöðu er 4,3 sekúndur sem er eftirtektarvert í ljósi stærðar og þyngdar bílsins. Vélin er fáanleg enn



aflmeiri í hinni feikna sportlegu S-Model útfærslu og er þá heil 585 hestöfl. Við þetta fer hröðun úr kyrrstöðu 100 km niður í 4,2 sekúndur sem er á við fremstu sportbíla í fólksbílastærð. Undirvagni bílsins var enn fremur breytt í því augnamiði að skila enn betri aksturseiginleikum og snerpu. Viðbragð frá vél og gírskiptingu er sportlegra en nokkru sinni fyrr og undirstrikar vel aðalsmerki AMG Driving Performance. Fyrstu GLE Coupé-bílarnir koma til landsins á næstu dögum en bíllinn verður frumsýndur hér á landi í byrjun næsta árs samkvæmt upplýsingum frá Bílaumboðinu Öskju, sem er umboðsaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

BÍLAR
visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24
105 Reykjavík
Sími 512 5000

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Sími 512 5457

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is




KIA
The Power to Surprise

S

Við kynnum 3. kynslóð Sorento. Glæsileiki að utan jafnt sem innan og ekkert er til sparað í efnisvali. Bíllinn er betur búinn en áður og státar m.a. af 200 hestafla sparneytinni dísilvél, sex þrepa sjálfskiptingu, íslensku leiðsögukerfi og bakkmyndavél. Kia Sorento fylgir 7 ára ábyrgð.

**Kia Sorento bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

Verð frá **7.690.777** kr.

Kia Sorento Classic 2,2 – dísil – 200 hö

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland



## Fiat-pallbíll fyrir Brasilíu

Það er ekki óalgengt að bílaframleiðendur framleiði bíla fyrir einstök markaðssvæði og Fiat er nú að markaðssetja þennan smáa pallbíl fyrir Brasilíubúa. Fiat hefur reyndar ekki verið þekkt fyrir framleiðslu pallbíla, en þar sem Chrysler og Jeep tilheyra nú Fiat-samstæðunni er aldrei að vita nema mikil breyting verði á. Bíllinn heitir Toro og er byggður á sama undirvagni og Jeep Renegade, en er 66 cm lengri, en 25 cm styttri en Ford Ranger. Hann má fá með 138 hestafla bensínvél og 170 dísilvél og bæði framhjóladrifinn og fjórhjóladrifinn. Fiat Toro getur togað aftanívagn allt að einu tonni, sem telst þó ekki mikið miðað við stóra bandarísku pallbílana, en hér er miklu minni bíll á ferð. Hann tekur fimm í sæti og Fiat segir að þar ferðist fólk í heilmiklum lúxus. Fá má bílinn í þremur útfærslum, Urban, Adrenaline og Country. Með dísilvélinni má velja milli 6 gíra beinskiptingar eða 6 gíra sjálfskiptingar. Hann má velja með LED-aðalljós, þokuljós, með varnarhlífum fyrir undirvagn, fimm tommu upplýsingaskjá og topplúgu. Í fyrstu mun þessi pallbíll aðeins fást í Brasilíu, hvað sem síðar verður.



## Audi fjárfestir fyrir 148 milljarða í Ungverjalandi

Audi á stærstu bílvélaverksmiðju Ungverjalands, nánar tiltekið í Győr. Þar eru smíðaðir Audi-bílarnir Audi TT og Audi A3, auk gríðarmagns véla Audi fyrir mun fleiri bílgerðir. Þessi verksmiðja Audi er stærsta útflutningsfyrirtæki í Ungverjalandi. Audi ætlar ekki að láta þar við sitja, heldur auka við fjárfestingu sína í Győr og það upp á 148 milljarða króna. Þessi aukning mun skapa 380 ný störf í verksmiðjunni. Það skyggir aðeins á dýrðina hvað þessa verksmiðju varðar að í henni voru framleiddar þrjár milljónir af þeim ellefu milljónum véla sem Volkswagen-bílafjölskyldan er nú sek um að tengja við svindlhugbúnað. Af því hafa Ungverjar haft áhyggjur, en þar á bæ vissu menn ekki að vélar þeirra yrðu tengdar við þennan hugbúnað sem slekkur á mengunarvarnarbúnaði vélanna þegar þær eru ekki mældar á trillum. Mercedes Benz framleiðir 100.000 bíla í Ungverjalandi á hverju ári og Opel 80.000 bíla.Í Ungverjalandi eru nú um 7.000 fyrirtæki sem fjármögnuð hafa verið með fé frá Þýskalandi og samstarf ríkjanna er mikið á sviði framleiðslu og viðskipta.



## Citroën-sigurbíll Petters Solberg til sölu

Það er ekki á hverjum degi sem sigurbíll í mótaröðinni World Rally Chamionship (WRC) er til sölu en það er bíll Norðmannsins Petters Solberg nú. Hann keppir nú á þessum bíl í WorldRX-mótaröðinni og er efstur ökumanna þar og þarf aðeins að enda meðal fjögurra efstu manna í síðustu keppninni til að tryggja sigurinn í mótaröðinni þetta árið. Það er hins vegar að auki að frétta af Petter Solberg að hann hefur nýverið afþakkað að aka fyrir Toyota í París-Dakar þolakstrinum og helsta ástæða þess er að hann telur sig ekki hafa nægan tíma til að æfa sig fyrir kappaksturinn, sem hefst í byrjun næsta árs, og að aðlagast nýjum bíl. Hann hefur þó ekki slegið loku fyrir það að aka í keppninni árið 2017.



Pallbílar, jeppar og jepplingar rjúka nú út í Bandaríkjunum.

# BÚIST VIÐ NÆST-SÖLUHÆSTA OKTÓBER

Stefnir í álíka mikla heildarsölu og metárið 2000, en þá seldust 17,4 milljónir bíla. Spáð er enn meiri sölu á næsta ári.

Sala nýrra bíla í Bandaríkjunum í ár hefur verið einkar góð og þrátt fyrir að sölutölur fyrir nýliðinn október séu ekki komnar í hús er búist við því að hann verði sá næst söluhæsti frá upphafi. Spáð er allt að 1,42 milljóna bíla sölu og að heildarsala ársins stefni í 17,3 til 17,6 milljónir bíla. Ef salan nær 1,42 milljónum væri það 12% aukning frá fyrra ári. Árið 2001 náði sala bíla í október 1,7 milljónum bíla. Það voru svokölluð 0% bílalán sem kynnt voru í kjölfar 9/11 hryðjuverkaárásanna í þeim mánuði sem örvaði svo stórlega söluna. Besta söluár nýrra bíla í Bandaríkjunum var aldamótaárið 2000 en þá seldust 17.402 milljónir bíla.

### Enn stærra bílasöluár á næsta ári

Árið í ár gæti hæglega náð þeirri tölu og búist er við því að næsta ár verði enn meira bílasöluár og spár til þess bærra aðila er 17,8 milljón bílar. Í fyrri hluta október voru 58% seldra nýrra bíla pallbílar, jepplingar og jeppar og svo virðist sem eingöngu hefðbundnir fólksbílar renni ekki út sem heitar lummur. J.D. Power spáir 15% söluaukningu pallbíla, jeppa og jepplinga og 2,6% söluminnkun fólksbíla í október og væri það í takti við sölu ársins fram að þessu. Fyrirtækið spáir að Volkswagen-bílafjölskyldan muni auka söluna um 5,1% þrátt fyrir dísilvélasvindlið, en góð sala Audi-bíla muni vega upp söluminnkun Volkswagen-bíla. J.D. Power spáir því enn fremur að GM, Ford og Fiat Chrysler muni auka markaðshlutdeild sína í október en Toyota, Honda og Nissan tapi hlutdeild. Það eru því bjartir tímar hjá bandarískum bílaframleiðendum á meðan þeir japönsku verja sína hlutdeild.



# SJÁLFAKANDI FRAMTÍÐAR-SÝN BENZ Í TÓKÝÓ

Mercedes Benz kynnti þennan strumpastrætó á bílasýningunni í Tókýó, sem hófst um miðja síðustu viku. Þarna fer straumlínulagaður afar tæknivæddur bíll. Farþegar hans þurfa ekki að aka honum, heldur fremur leika sér í öllum tæknibúnaðinum sem í bílnum er. Grill bílsins er upplýst og á að skipta litum eftir því sem hvers konar tónlist farþegarnir velja sér. Ytra útlit bílsins er naumhyggjulegt og einfalt en afar straumlínulagað. Innanrýmið er hins vegar afar þægilegt fyrir þá fimm farþega sem bílinn tekur. Farþegarnir ganga inn um vængjahurð og setjast ekki í hefðbundin bílsæti heldur afar þægilega bekki sem líkjast frekar sófum. LED-skjáir eru í hliðum bílsins til afþreyingar fyrir farþegana og sci-fi holographic afþreyingarkerfi er einnig í bílnum. Komi til þess, í einhverjum tilvikum, að einhver þurfi að aka bílnum sprettur fram stýri og bílstjórasæti úr einum sófanum. Drifrás bílsins samanstendur bæði af vetnisbrennandi mótor og rafmótorum með 980 km drægni og eru 190 km þess eingöngu á rafmagni.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Sími 512 5457

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

# FRANSKI HREIMURINN

## TÁLDREGUR UM ALLAN HEIM

CITROËN **C4 CACTUS**
HAMPAR 25 VERÐLAUNUM




## CITROËN C4 CACTUS

Hugmyndafræðin að baki C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svo sannarlega slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun víðsvegar um heiminn. Þar á meðal var hann valinn Bíll ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

**VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.**

Velkomin í reynsluakstur

Vetrardekk að verðmæti 140.000 kr.
fylgja nýjum Citroën C4 Cactus til 15. nóvember.
Nýttu þér tilboðið.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## PORSCHE CAYENNE S HYBRID

**3,01 l bensínvél og rafmótorar, 416 hestöfl**
**Fjórhjóladrif**
**Eyðsla 3,4 l/100 km í bl. akstri**

**Mengun** 79 g/km $CO_2$
**Hröðun** 5,9 sek.
**Hámarkshraði** 243 km/klst.
**Verð** 13.490.000 kr.
**Umboð** Bílabúð Benna

**KEMUR Á ÓVART**
Hve sportlegir eiginleikar eru í þessum jeppa
Hversu mikið rífandi afl er í bílnum
Að þessi gerð Cayenne skuli vera ódýrasta gerð hans

- Ekkert varadekk



Porsche Cayenne S Hybrid er auðþekkjanlegur á grænum bremsubúnaðinum. MYND/VILHELM




# EINN MEÐ ÖLLU

## Porsche Cayenne S Hybrid er allt í senn sportbíll, torfærubíll, ferðalagabíll, glæsibíll, sparibaukur, lítið mengandi og á fínu verði. Er ódýrasta gerð Porsche Cayenne.

**PORSCHE CAYENNE S HYBRID**
**Finnur Thorlacius reynsluekur**

Sjaldan áður hefur læðst að mér sú tilfinning að aka bíl sem hefur allt sem kröfuharður ökumaður óskar sér, en það gerðist í tilfelli reynsluaksturs Porsche Cayenne S Hybrid. Þessi bíll er rammur að afli með sín 416 hestöfl og er svo góður akstursbíll að engu er líkara en að vera með góðan sportbíl í höndunum. Hann er algjörlega troðinn lúxus eins og eðlilegt má reyndar telja með Porsche-bíl og að auki svo fallegur að eftir er tekið, sérstaklega að innan. Hann er Plug-In-Hybrid bíll sem ekur á rafmagni allt að 36 fyrstu kílómetrunum og hleður að auki inn allt það afl sem annars myndi tapast við hemlun. Hann er jeppi sem kemst talsvert í ófærum og reynsluakstursbíllinn var á loftpúðafjöðrum, en það leyfir ökumanni að hækka bílinn svo að 30 cm eru undir lægsta punkt. Hann er frábær ferðabíll sem fimm farþegar ferðast í með miklum stíl og auk þess tekur hann mikinn farangur. Bíllinn eyðir 3,4 lítrum og er það náttúrulega með hreinum ólíkindum fyrir svo stóran jeppa. Hvað getur maður beðið um meira? Hann mengar að auki aðeins 79 g/km af $CO_2$ og fellur því í hagstæðan vörugjaldsflokk.

**Ekki dýr vegna lágra vörugjalda**

Fyrir þetta allt hlýtur fólk að greiða ógnarupphæð, en viti menn, svo er alls ekki. Þessi magnaði bíll kostar ekki mikið meira en aðrir lúxusjeppar sem boðnir eru hér á landi nú. Hann kostar 13.490.000 kr. en svipaða upphæð þarf að greiða fyrir margan annan jeppann sé hann með eitthvað í nánd við allan þann búnað sem fyrirfinnst í honum þessum. Það sem gerir það að verkum að þessi bíll er á svo góðu verði eru þau lög sem gilda hér á landi um bíla sem menga lítið, og er það vel. Þar sem mengun þessa bíls er svo lág fellur hann í ljúfan vörugjaldsflokk á meðan aðrir jeppar falla flestir í háa vörugjaldsflokka, allt að 65%. Forvitnilegt er að bera saman verð á þessum bíl í

- Aksturseiginleikar
- Glæsileiki
- Eyðsla
- Verð





öðrum löndum, til dæmis Þýskalandi. Þar er hann miklu dýrari en Porsche Cayenne Diesel, enda tollareglurnar öðruvísi þar. Hér á landi er hann hins vegar ódýrari en Cayenne Diesel svo munar 300.000 kr. Því væri það ekki mikil spurning í mínu tilfelli hvor bíllinn yrði fyrir valinu, en til þess þarf ég reyndar að vinna í lottóinu. Af því hann er í hagstæðum vörugjaldsflokki er líka ódýrt að bæta við meiri munaði í bílinn, en ef loftpúðafjöðruninni er bætt við, til að geta hækkað og lækkað bílinn, kostar það aðeins 330.000. Loftpúðafjöðrun kostar yfirleitt miklu meira, sé henni bætt í jeppa.

### Magnaður akstursbíll

En hvernig er að aka svona græju? Það er einfaldlega ólýsanlega þægilegt og skemmtilegt. Ökumanni finnst hann eins og kóngur á veginum. Aflið, fjöðrunin og aksturseiginleikar þessa bíls eru þannig að erfitt er að lýsa ánægjunni og þeirri munaðartilfinningu sem um mann hríslast. Vél bílsins er 333 hestafla V6 sem brennir bensíni en rafmótorarnir hífa hestöflin upp í rjúkandi 416 graðhesta sem gaman er að temja. Margt má stilla hvað varðar hegðun bílsins eftir því hvernig skal aka. Ef ökumaður er ekkert að flýta sér er Normal rétta stillingin og fjöðrunin mjúk og ljúf. Ef taka á meira á bílnum má herða á fjöðruninni og þá hegðar skiptingin sér öðruvísi og hann tekur meira á í hverjum gír. Flipaskipta má bílnum í stýrinu, en þar sem maður í flestum tilvikum nennir því ekki er betra að láta frábæra PDK-sjálfskiptinguna vinna vinnuna, enda skiptir hún betur en nokkur ökumaður gerir með beinskiptingu. Stilla má hvort bíllinn eigi eingöngu að aka á rafmagni, eingöngu á brunavélinni eða hvort bíllinn á að hlaða inn rafmagni við hvert tækifæri. Svo má náttúrulega stilla veghæð bílsins sé hann með loftpúðafjöðruninni, en það breytir ásýnd bílsins töluvert. Dráttarkrókur bílsins er falinn og sprettur hann fram með einum takka í skotti bílsins og bíllinn opnar og lokar skottinu rafrænt.

### Sjaldséður glæsileiki innanrýmis

Innanrými bílsins er kapítuli út af fyrir sig. Innréttingin er bara hreinasta snilld, bæði hvað varðar áhorf og íveru. Lúxusinn er alls staðar og efnisnotkun og frágangur eins og gerist best. Það skal þó tekið fram að innréttingin í reynsluakstursbílnum var öll svört og yrði sú útfærsla seint að vali undirritaðs. Bjartari litir í innréttingu yrðu ofan á og af þeim eru margir valkostir. Framsætin eru hreinn unaður að sitja í og ekki fer heldur illa um aftursætisfarþega. Talandi um aftursætin, þá eru þau á sleðum svo stækka megi farangursrýmið, en einnig má setja þau aðeins fram og halla svo bakinu, svosem ef einhverjum dytti í hug að sofa frekar en að njóta akstursins á lengri ferðum. Bose-hljóðkerfi er staðalbúnaður og með því er bíllinn sem tónleikasalur. Enn betur má gera með Burmeister-hljóðkerfi, en það kostar aukalega. Einnig má fá aukalega glerþak og var reynsluakstursbíllinn þannig og færir það mikla birtu inn í bílinn. Ef setja má eitthvað út á þennan bíl er það vegna rafhlöðunnar sem staðsett er þar sem varadekkið er vanalega. Fyrir vikið er ekkert varadekk, heldur viðgerðasett.








SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR


**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 06.201 1, ekinn 42 Þ. KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.490.000.**
Rnr.100539.


**TOYOTA Yaris Sol.**
Skr. 06.2011, ekinn 93 Þ. KM, bensín, 6 gírar.
**Verð 1.680.000.**
Rnr.101021.


**SUZUKI Swift GL.**
Skr. 05.2015, ekinn 11 Þ. KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.290.000.**
Rnr.101067.


**SUZUKI Swift GL 4x4 .**
Skr. 06.2013, ekinn 62 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.250.000.**
Rnr.101079.


**SUZUKI SX4 GLX.**
Skr. 01.2009, ekinn 121 Þ. KM, bensín, 5 gírar, dráttarbeisli.
**Verð 1.690.000.**
Rnr.101051.


**SUZUKI Swift GL.**
Skr. 05.2012, ekinn 66 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.650.000.**
Rnr.101081.


**SUZUKI SX4 GLX.**
Skr. 07.2013, ekinn 56 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.880.000.**
Rnr.101078.


**KIA Sportage EX 4WD.**
Skr. 01.2015, ekinn 50 Þ. KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 5.750.000.**
Rnr.101043.


**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 12.2009, ekinn 49 Þ.KM, bensín, 5 gírar, dráttarbeisli.
**Verð 2.450.000.**
Rnr.101047.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

Komdu og skoðaðu úrvalið

## Audi heldur áfram að ráða

Þrátt fyrir dísilvélasvindl Volkswagen heldur dótturfyrirtækinu Audi áfram að ganga vel og ræður nú fólk í löngum bunum. Audi var alls ekki laust við dísilvélasvindlið því 2,1 milljón Audi-bíla var einmitt með svindlhugbúnaðinn og verða þeir allir innkallaðir. Audi heldur þó sínu striki og eftirspurnin eftir bílum fyrirtækisins er áfram mikil og svo góð að Audi ræður áfram fólk eins og til stóð áður en svindlið uppgötvaðist. Audi hefur margt nýtt á prjónunum, meðal annars nýjan Audi A4, nýjan Audi TT RS og Audi E-Tron Quattro rafmagnsbíl sem er glænýr bíll frá Audi. Enn fremur áætlar



Audi að starfsfólk í verksmiðjum Audi verði verðlaunað með vænum bónus við árslok eins og á síðustu árum. Það muni ekki breytast þó svo dálkar flestra fjölmiðla séu uppfullir af fréttum um dísilvélasvindl Volkswagen.




Subaru 1000 markaði mikil tímamót í bílasmíði fyrirtækisins.

# 50 ÁR FRÁ TÍMAMÓTABÍL SUBARU

## Fyrsti bíll Subaru sem ekki var smábíll og undanfari geysivinsælla bíla Subaru.

Þann 21. október árið 1965 kynnti Subaru þennan Subaru 1000 bíl á Hilton-hótelinu í Tókýó og átta dögum síðar á Tokyo Motor Show. Þessi bíll markaði mikil tímamót hjá Subaru, en þetta var fyrsti bíll fyrirtækisins sem ekki var smábíll, eða svokallaður „kei car“. Bíllinn var á þessum tíma afar tæknilega vel búinn og hönnun bílsins markaði tímamót í framleiðslu bíla Subaru. Þessi bíll breytti líka miklu fyrir möguleika Subaru á útflutningi bíla. Þegar bíllinn var kynntur voru ekki nema átta ár síðan Subaru framleiddi sinn fyrsta bíl, Subaru 360, en hann var fjórhjóladrifinn kei-bíll.

### Markaðurinn krafðist stærri bíla

Þegar Subaru 1000 bíllinn var kynntur var að myndast mikil þörf á meðal japanskra kaupenda fyrir stærri og þægilegri bíla með meiri tækni og Subaru 360 uppfyllti ekki þá þörf. Subaru hafði reyndar byrjað að hanna bíl í stíl við Subaru 1000 árið 1954, bíl sem byggður var á plötu en ekki grind. Hann átti þó að vera með vél frá Peugeot en Fuji Heavy Industries, eigandi Subaru, hætti við að nota hana og smíðaði þess í stað vél sem var 20% léttari, án þess að tapa afli. Ekta Japanar þar á ferð. Úr varð bíll sem fékk nafnið Subaru 1500 og vitnaði í sprengirými bílsins. Aðeins voru framleidd tuttugu eintök af bílnum sem flest voru notuð sem leigubílar í borginni Gunma í Japan. Hætt var við smíði bílsins og myndað rými fyrir smíði Subaru 360, þar sem ekki var markaður talinn fyrir þetta stóran bíl enn, en það átti eftir að breytast. Enn var þó haldið áfram að þróa 1500-bílinn og fékk hann vinnuheitið A-5.

### Átti að uppfylla fimm skilyrði

Bíllinn átti að uppfylla fimm skilyrði. Hann átti að vera rúmgóður og þægilegur að innan, með mikið skottrými. Halda átti þyngd bílsins niðri og auðvelt átti að vera að gera við hann og aðgengi til viðgerða og skoðana á viðhaldshlutum átti að vera gott. Sjálfstæð fjöðrun átti að vera á öllum hjólum til að tryggja góða akstursegileika og stöðugleika bílsins. Ending hans átti að skara fram úr. Miklar prófanir áttu svo að fara fram á bílnum við lítinn sem mikinn hraða og við erfiðar jafnt sem auðveldar aðstæður.

### 30 einkaleyfi úr Subaru 1000

Svo mikið var lagt í þennan bíl að í kjölfarið sótti Subaru um 30 einkaleyfi á uppfinningum sem finna mátti í bílnum. Mjög fullkomið kælikerfi var fyrir vélina sem aldrei hafði sést áður. Vélin átti að vera neðarlega í bílnum til að tryggja lágan þyngdarpunkt og góða aksturseginleika. Það varð síðar til smíði Boxer-véla Subaru og hefur verið eitt aðalsmerkja Subarubíla síðan. Öll sú vinna sem fór fram við þróun þessa bíls skilaði sér síðan í framtíðarbílum Subaru sem allar götur síðan hafa verið afar áreiðanlegir og tæknilega sniðugir bílar.

# VOLKSWAGEN MEÐ FYRSTA FJÓRÐUNGSTAPIÐ Í 15 ÁR

## Skýrist af því að Volkswagen hefur sett 930 milljarða króna til hliðar vegna dísilvélasvindlsins en annars hefði orðið hagnaður.

Volkswagen mun líklega skila 465 milljarða króna tapi á þriðja ársfjórðungi þessa árs og yrði það í fyrsta skipti á síðastliðnum 15 árum. Nýráðinn forstjóri Volkswagen þarf einnig að svara spurningum fjárfesta í fyrirtækinu hvernig fyrirtækið kemur til með að vinna aftur traust viðskiptavina í kjölfar dísilvélasvindlsins. Volkswagen skilaði um það bil sömu upphæð í hagnað á síðasta ári og tapið nemur nú. Það sem skýrir tapið nú er að Volkswagen hefur sett 930 milljarða króna til hliðar vegna kostnaðar í kjölfar dísilvélasvindlsins. Ef svo hefði ekki verið hefði Volkswagen skilað ámóta hagnaði og í fyrra.




Volkswagen-bílafloti fyrir utan eina verksmiðjuna.

### Óljóst hver kostnaðurinn við dísilvélasvindlið verður

Því hefur þó verið spáð að kostnaðurinn verði þrefalt hærri og allt upp í tólf sinnum hærri. Ef svo færi er talið nokkuð víst að fyrirtækið verði að selja frá sér eignir og leita hugsanlega líka til fjárfesta um frekara fjármagn. Heildarfall hlutabréfa í Volkswagen nemur nú 3.000 milljörðum króna og því er von að fjárfestar í fyrirtækinu séu ekki með kátasta móti. Forstjóri Volkswagen segir að fyrirtækið geti jafnað sig á svindlinu á tveimur til þremur árum með því að taka réttar ákvarðanir, straumlínulaga fyrirtækið og gera því kleift að taka snöggar ákvarðanir án þess að þær verði stöðvaðar af yfirstjórn þess, en með þessum orðum ýjar hann að því að erfitt hafi verið undanfarin ár að koma réttum ákvörðunum í gegn vegna stífni að ofan.



Hyundai Tucson hefur fengið frábærar viðtökur á stuttum tíma.

# TILNEFNDUR SEM „BESTU BÍLAKAUPIN Í EVRÓPU“

## Gríðarleg sala á Hyundai Tucson og 61.000 eintök þegar pöntuð.

Nýi sportjeppinn Hyundai Tucson var nýlega valinn í undanúrslit þar sem keppt verður um titilverðlaun AUTOBEST 2016. Það var dómnefnd 26 bílablaðamanna í Evrópu sem valdi Tucson til að keppa um titilinn „bestu bílakaupin í Evrópu 2016“ og er tilnefningin enn ein skrautfjöðrin í hatt Hyundai fyrir vel heppnaða hönnun sem móttökur á öllum helstu mörkuðum bera vitni um. Tucson er flaggskip sportjeppa í Evrópulínu Hyundai sem einkennist af svipmikilli hönnun, sumir segja ábúðarfullu svipmóti, þar sem mikið rými, tækninýjungar, munaður og snjallar lausnir fara saman ásamt góðu og samkeppnishæfu verði.

### Búið að panta 61 þúsund bíla

Á þeim skamma tíma sem liðinn er frá Evrópukynningu Tucson, sem fram fór í september, er sportjeppinn nú þegar orðinn einn mest seldi bíll Hyundai á meginlandinu. Meira en 61 þúsund bílar hafa verið pantaðir og hefur enginn bíll frá Hyundai hlotið viðlíka móttökur á jafn skömmum tíma og Tucson hefur afrekað. Hyundai Tucson var hannaður á teikniborði Hyundai í Evrópu þar sem hann er einnig framleiddur, nánar tiltekið í Tékklandi.

Autobest-samtökin hafa nýlega útvíkkað starfsemi sína. Sem dæmi um það er núverandi dómnefnd sett saman með þeim hætti að hún endurspegli sem best dreifingu fólksfjölda í Evrópu. Þannig koma nú hinir 26 dómarar sem sitja í valnefndinni frá löndum þar sem 91% íbúa Evrópu býr. Endanlegt val á bestu bílakaupunum 2016 í Evrópu verður kunngert 15. desember eftir ítarlegar og strangar prófanir á reynsluakstursbrautinni Navak, skammt frá Belgrad í Serbíu.

KYNNING

# FRÁBÆR ÞJÓNUSTA MEÐ HJÁLP ÖKURITA

**Bílstjórar, bílaleigur og fyrirtæki með bílaflota geta nýtt ökurita sem tengdir eru við flotastjórnunarkerfið SAGAsystem á fjölbreyttan hátt. AT-kerfið greinir tjón á bifreiðum, hvort bíllinn hafi verið keyrður utan vega og aðstoðar ungt fólk við að verða fyrirmyndarökumenn.**


„Við höfum kappkostað að velja trausta birgja hvort sem það á við um efniskaup, fjarskipti og ekki síst örugga aðila við vistun tölvuvéla og hugbúnaðar þar sem við leggjum ríka áherslu á gagnaöryggi og persónuvernd," segir Hlynur Rúnarsson, framkvæmdastjóri Arctic Track ehf. MYND/STEFÁN

Arctic Track ehf. er ungt fyrirtæki sem þjónustar alla þá sem áður voru tengdir með ökuritum við flotastjórnunarkerfið SAGAsystem. Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið að auknu framboði á þjónustuleiðum sem nýta má með tengingu ökurita í ökutæki landsins. Arctic Track ehf. er dótturfélag Securitas hf. og að fullu í eigu þess. Að sögn Hlyns Rúnarssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, gefur samvinna við móðurfélagið þeim kleift að veita viðskiptavinum frábæra þjónustu hvort sem starfsemi þeirra er á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess.

„Við höfum kappkostað að velja trausta birgja hvort sem það á við um efniskaup, fjarskipti og ekki síst örugga aðila við vistun tölvuvéla og hugbúnaðar þar sem við leggjum ríka áherslu á gagnaöryggi og persónuvernd."

Meðal viðskiptavina AT Track eru bílaleigur en undanfarin ár hafa verið settir ökuritar í bílaleigubíla af öllum stærðum. „Ökuritinn greinir hvort bílaleigubíllinn hafi orðið fyrir höggi þannig að hægt er að skoða bílinn betur þegar honum er skilað. Þannig er hægt að kanna hvort tjón hafi orðið á viðkvæmum hlutum í undirvagni hans, eins og stýrisbúnaði, áður en að hann fer aftur í útleigu."

Kerfið greinir hvort bíllinn hafi farið út á fyrirfram ákveðin „rauð svæði" eins og alla hálendisvegi landsins (F-vegi) auk þess sem það greinir hvort akstur bíla eigi sér stað utan vega. „Um leið aðstoðar kerfið starfsfólk bílaleigunnar að finna viðkomandi bíl í rauntíma, hvort sem þörf er á aðstoð vegna bilunar eða hreinlega til að sækja bílinn þar sem hann hefur verið skilinn eftir."

### Nýtist ungum ökumönnum

AT-kerfin geta einnig nýst foreldrum og ungu fólki til að verða fyrirmyndarökumenn. „Þau halda utan um hámarkshraða allra gatna og greina hvort bíl sé ekið yfir hámarkshraða. Þannig er það hluti af einkunnagjöf ökumannsins ásamt þeim frávikum sem hann veldur eins og gröfri hröðun, hemlun og kröppum beygjum."

Um leið birtast öll frávik og akstur yfir leyfðum hámarkshraða myndrænt á korti þar sem fram kemur hver villan er, t.d. „Hraði: 72, Götuhraði: 50, Gata: Ánanaust". Með því móti hafa forráðamenn og ungu ökumennirnir umræðugrundvöll til að ræða saman um hvernig betur má fara á sanngjarna hátt.

„Þetta auðveldar líka ungum ökumönnunum að láta ekki undan þrýstingi „aftursætisbílstjóra" um að sýna hvað bíllinn kemst hratt. Þannig er hægt vísa til þess að bíllinn sé útbúinn ökurita og að líkurnar á að fá bílinn lánaðan aftur minnki töluvert ef ekki er farið eftir settum reglum."

### Aukin umhverfisvitund

Fyrirtæki sem reka bílaflota hafa einnig mikinn hag af AT-kerfunum að sögn Hlyns. „Með því að fækka óþarfa frávikum og minnka hraðakstur starfsmanna á bílum fyrirtækja, eykst ending á öllum slitflötum bílsins á borð við bremsur, stýrisbúnað, hjólbarða og ekki síst lækkun eldsneytiseyðslu."

Einnig má með þessu móti stuðla að frekari umhverfisvitund ökumanna fyrirtækja að sögn Hlyns. „Ökuritinn gerir okkur kleift að mæla hvort bíll er látinn ganga í lausagangi og með því getum við minnkað óþarfa mengun og eldsneytiseyðslu. Starfsmenn geta fengið aðgang að þeim bíl sem þeir hafa aðgang að í gegnum Góðaksturskerfi AT og fylgst sjálfir með hvernig þeir hafa keyrt og hvar þeir geta helst bætt sig."

### Aukin þjónusta

Rekstrarleigufélög nýta sér einnig þjónustu AT með því að fá til sín upplýsingar um fjölda ekna kílómetra þannig að hægt er að kalla þá bíla og tæki sem þau eru með í rekstrarleigu inn í þjónustuskoðun þegar við á. Þessi gögn berast rafrænt inn í kerfi rekstrarleigufélaganna þannig að ekki er um neina aukaskráningu að ræða.

Bílaumboð og verkstæði geta einnig bætt þjónustu sína með Þjónustubókinni sem er ein af þjónustuleiðum AT. „Þar geta bílaumboð og verkstæði boðið viðskiptavinum sínum aukna þjónustu og kallað inn bíla sem t.d. eiga að fara í smurningu, ábyrgðarskoðun eða aðra lögbundna skoðun."

### Réttlátari gjaldheimta

Með breyttri orkunotkun ökutækja eykst þörfin á að breyta fyrirkomulaginu við innheimtu veggjalda enda erfitt að innheimta eldsneytisgjald af bílum sem ekki nýta brennanlega orkugjafa. „Rafrænar mælingar á akstri ökutækja stuðla að réttlátari gjaldheimtu veggjalda, hvort sem um er að ræða fólksbíla, vöruflutningabíla, rútur eða önnur tæki sem aka um vegi landsins. Auk þess er hægt að dreifa álagi umferðar á gatnakerfi landsins með fleiri gjaldsvæðum og upplýsingum um hvenær dags er ekið."

Vegtolla vegna framkvæmda nýrra mannvirkja má einnig innheimta með rafrænum skráningum frá ökuritum bílsins að sögn Hlyns. „Þá er ekkert því til fyrirstöðu að nýta ökurita í bílaleigubílum og öðrum fólksflutningabílum sem aka með ferðamenn á þá staði sem þörf er á gjaldheimtu. Með því móti þarf ekki að koma upp hliðum og girðingum né öðrum búnaði á hverjum stað fyrir sig með tilheyrandi kostnaði og mannafla."

AT ARCTIC TRACK

**Arctic Track** mælir notkun ökutækja og meðferð þeirra með **ökuritum**



**Við breytum gögnum í verðmætar upplýsingar !**

- sem veita ökumönnum endurgjöf og leiðbeina
- sem skapa fyrirtækjum yfirsýn og einfalda rekstur
- sem spara viðskiptavinum okkar peninga og tíma

www.at.is | Sími: 563 7700 | adstod@at.is

**VOLVO V60 CROSS COUNTRY**

2,0 l dísilvél, 190 hestöfl
Framhjóladrif
Eyðsla 4,6 l/100 km í bl. akstri
Mengun 120 g/km $CO_2$

Hröðun 7,6 sek.
Hámarkshraði 220 km/klst.
Verð 6.190.000 kr.
Umboð Brimborg

- Eyðsla
- Engar bensínvélar

- Aksturseiginleikar
- Torfærugeta
- Hljóðlátur



MYND/VILHELM

# HÁFÆTTUR VOLVO V60 CROSS COUNTRY

## Er eins konar torfæruútgáfa Volvo V60 og 6,5 cm hærri frá vegi. Reyndist góður akstursbíll með glettilega góða torfærueiginleika og er með aflmikla en þyrsta dísilvél.

**VOLVO V60 CROSS COUNTRY**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Sú aðferð að hækka bíla á fjöðrunum, stækka stuðarana og bæta við hlífðarplötum hér og þar til að gera bílinn kraftalegri og líklegri til átaka er ekki ýkja flókin aðgerð, en þetta er einmitt aðferðin sem beitt var við fyrstu Subaru Outback og Audi Allroad-bílana og það svínvirkaði. Af hverju ætti það ekki líka að virka fyrir Volvo? Reyndar gerði Volvo þetta fyrst árið 1997 með V70 langbakinn og kallaði bílinn þá Volvo V70 Cross Country. Þessum V60 Cross Country skal þó ekki rugla saman við aðra XC-bíla Volvo, en þeir eru líkari jepplingum eða jeppum nútímans á meðan þessi bíll er enn nær fólksbílum þrátt fyrir aukna veghæð. Volvo V60 Cross Country er með 6,5 cm meiri veghæð en hefðbundinn V60 og einnig má fá þann bíl með fjórhjóladrifi, líkt og V60 Cross Country. Hann fæst þó einnig framhjóladrifinn og þannig var reynsluakstursbíllinn. V60 Cross Country kemur hins vegar á 18 eða 19 tommu felgum með stærri dekk til að þola meiri torfærur auk þess að vera með brekkuaðstoð og leiðsögukerfi sem staðalbúnað. Aðrar minniháttar útlitsbreytingar fylgja einnig.

### Stóð sig vel í talsverðri ófærð

Þegar Volvo V60 Cross Country var reyndur fyrir stuttu fékk hann bæði að kynnast malbikinu vel en einnig afar slæmum vegi á leið í hjólatúr yfir Svínaskarð milli Skálafells og Móskarðshnjúka. Fyrir það fyrsta reyndist ekki mikið mál að koma hjólinu inn í bílinn án þess að taka hjól af því, en til þess þarf að fella aftursætin. Vegurinn þangað var hinn mesti hroði en það verður ekki sagt annað en að þessi bíll hafi staðist prófið þar sem hann fór fimlega yfir mýmarga og djúpa drullupollana sem á vegi hans urðu sem og afar grófan veg í öllum skilningi. Þessi bíll var hinn besti ferðafélagi og átti greinilega meira inni ef færðin hefði versnað enn meir. Veghæðin leyfði það að aka nokkuð djarflega og fjöðrun hans var til fyrirmyndar. Það vakti eftirtekt hvað hann var hljóðlátur og ekkert heyrðist í undirvagni bílsins, en slíka kröfu er óhætt að gera þegar lúxusbíll er annars vegar, en allir bílar Volvo falla í þann flokk. Aðeins varð vart við undirstýringu þegar mikið er á hann lagt en hann bætir það eiginlega upp með annarri lipurð og það er ekki frá því að akstur þessa netta bíls sé ánægjulegri en stærri bræðra hans úr Volvo-fjölskyldunni.

### Spræk en þyrst dísilvél

Aflleysi hrjáir ekki bílinn með D4-dísilvélinni, en hún reyndist aðeins of þyrst. Aldrei sást minni meðaleyðsla en ríflega 11 lítrar þrátt fyrir að um týpískan blandaðan akstur á þjóðvegum og í þéttbýli væri að ræða. Akstur á malbiki var afar ljúfur og gaman að taka á bílnum í kröppum beygjum þar sem hann hallar sér sáralítið í þær og er eins og góður fólksbíll hvað það varðar. Svo sem ekki skrítið í ljósi þess að bíllinn er hækkaður fólksbíll. D4-dísilvélin er nægilega öflug fyrir þennan bíl þó gaman væri að hafa hann með 240 hestafla T5-bensínvélinni eins og bíllinn er helst seldur vestanhafs. Vélin er 2,0 lítra með forþjöppu og skilar 190 hestöflum og afar góðu 400 Nm-togi. Vélinni tengist svo 8-gíra sjálfskipting sem gerði sitt og vel það. Uppgefin eyðsla bílsins er 4,6 lítrar en það var reynsluakstursmanni hulin ráðgáta hvernig hún ætti að nást í ljósi þess að bíllinn fór aldrei niður fyrir 11 lítra í þeim blandaða akstri sem ekinn var. Þessar tölur eru kannski ein birtingarmynd þeirrar gagnrýni sem allir bílaframleiðendur hafa fengið undanfarið, að miklu muni á uppgefinni eyðslu og rauneyðslu.

### Fæst frá 6.190.000 kr.

Framsætin í bílnum eru ferlega góð og öll sætin falleg. Fóta- og höfuðrými aftur í er fínt og einfalt og fljótlegt að fella þau niður. Farangursrými er þokkalegt, en hafa verður í huga að þarna fer hækkaður fólksbíll, en ekki risastór jeppi sem taka á hálfa búslóð. Innréttingin í þessum bíl er eins og almennt má segja um Volvo-bíla, flott og snyrtileg og sem fyrr naumhyggjuleg, einföld og gáfulega uppsett. Þar hefur Volvo sérstöðu og takkaflóðið er ekki beint að þvælast fyrir. Svo er alltaf gott til þess að vita að öryggismálin eru alveg til fyrirmyndar í Volvo-bílum, enda leiðandi bílaframleiðandi þar á ferð. Volvo V60 má fá frá 6.190.000 krónum en fyrir fjórhjóladrifsútgáfuna þarf að leggja um 700.000 kr. við, en þá kemur hann með 2,4 lítra dísilvél með meira togi þó hestaflatalan sé sú sama.







**FALLEGUR**
**Falleg og naumhyggjuleg innrétting.**

**EINFALT MÆLABORÐ**
**Einfalt mælaborð sem skipta má um lit í.**

**STÆÐILEGUR**
**á vegi og veghæðin mikil.**



Audi
Vorsprung durch Technik
Audi A3 e-tron
Sameinar tvo heima.
Audi A3 e-tron sameinar helstu kosti raf- og bensínbíla. Raforkan ein og sér dugar í flestar ferðir innanbæjar, eða allt að 50 kílómetra. Í lengri ferðum gengur sparneytin bensínvél til liðs við e-tron rafdrifið svo samanlögð akstursdrægni er 940 kílómetrar. Með Audi A3 e-tron eru þér allir vegir færir.
A3 Sportback e-tron, 204 hö, 7,6 sek 0-100 km/klst.,
$CO_2$ 35 g/km, eyðsla: 1,5 l. í blönduðum akstri.
**Verð frá 5.190.000 kr.**
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

# RENAULTSPORT RS 01 OF FLJÓTUR FYRIR GT3



Renaultsport, sportbíladeild franska bílaframleiðandans Renault, kynnti bílinn Renaultsport RS 01 í fyrra og var þeim bíl ætlað að leysa af hólmi Mégane Trophy-bílinn í Renault World Series og GT3-keppnisröðina. Það hefur hins vegar komið í ljós að bíllinn er alltof snöggur og hraðskreiður fyrir GT3-keppnisröðina og því hefur Renaultsport þurft að gera ýmsar breytingar, sem flestum þætti óæskilegar, til að gera bílinn hægari og löglegan í GT3. Renaultsport RS 01 er ógnarléttur með koltrefjayfirbyggingu frá Dallara. Hann er með 3,8 lítra vél með tveimur forþjöppum sem framleidd er af Nismo og fyrirfinnst einnig í Nissan GT-R bílnum og því ógnaröflugur. Renaultsport hefur hins vegar þurft að þyngja bílinn um 150 kíló, skipta keramikbremsunum út fyrir þyngri bremsur, hækka bílinn frá vegi og gera vindstuðul hans verri og niðurþrýsting vindkljúfanna minni. Hreint ótrúlegt að vera með frábæran bíl í höndunum og þurfa svo að draga verulega úr getu hans fyrir reglurnar í GT3-keppnisröðinni.



## 400 eintök af sérútgáfunni Subaru WRX STI S207

Subaru er nú að framleiða 400 eintök af þessari sérútgáfu WRX STI-bílsins, sem er svo elskaður af Subaru-aðdáendum. Subaru segir að þessi bíll eigi að vera „heimsins ánægjulegasti bíll“, hvorki meira né minna og aldrei að vita nema svo sé. Þessi öflugasta útgáfa bílsins hingað til er 320-330 hestöfl, með stillanlegri fjöðrun, gríðaröflugum Brembobremsum, 19 tommu sérhönnuðum felgum, risastórri vindskeið að framan og sjálfstæðri vindskeið að aftan. Með þeim er hann tilbúinn til brautaraksturs, en einnig má fá bílinn án þessara vindskeiða. Framsætin eru að sjálfsögðu keppnissæti frá Recaro. Bíllinn kemur í fjórum mögulegum litum, svörtum, bláum, perluhvítum og í þessum gula lit sem hér sést. Þessa sérútgáfu er Subaru að sýna núna á bílasýningunni í Tókýó, en hún hófst í síðustu viku.

## Fiat Chrysler með tap á þriðja ársfjórðungi

Fiat Chrysler Automobiles hefur tilkynnt um 41 milljarðs króna tap á rekstri fyrirtækisins á þriðja ársfjórðungi ársins. Líkt og með Volkswagen er tap fyrirtækisins til komið vegna þess að fyrirtækið hefur lagt til hliðar fé til að mæta kostnaði við innkallanir bíla. Nam það fé 83 milljörðum og því hefði orðið álíka mikill hagnaður af rekstri Fiat Chrysler ef þessir fjármunir hefðu ekki verið lagðir til hliðar. Í fyrra var 26 milljarða króna hagnaður af rekstri Fiat Chrysler á þessum ársfjórðungi. Mjög vel gekk hjá Fiat Chrysler í Bandaríkjunum og salan jókst um 12 prósent á milli ára og seldi fyrirtækið 685.000 bíla þar á þessum þremur mánuðum og hagnaðist á því um 163 milljarða króna. Vænt tap annars staðar í heiminum dró niður árangur Fiat Chrysler, sérstaklega í Suður-Ameríku og Asíu. Heildarsala Fiat Chrysler á þriðja ársfjórðungi var 1,1 milljón bílar og áætluð heildarsala ársins er 4,8 milljónir bíla. Sala Jeep-bíla var 27 prósentum meiri en í fyrra, en sala Jeep hefur verið með ólíkindum á síðustu misserum.

NÝR REXTON
SSANGYONG
STÓRGÓÐUR
BYGGÐUR Á GRIND
HÁTT OG LÁGT DRIF
7 SÆTA



Bíll á mynd Rexton HLX



Stór og stæðilegur alvöru jeppi á frábæru verði!

Rexton stenst allan samanburð við aðra stóra jeppa á markaðnum. Og það skín í gegn að ekkert hefur verið til sparað í frágangi og þægindum. Rexton er fullvaxinn jeppi byggður á grind og með háu og lágu drifi. Rexton er alltaf til í tuskið. Komdu og reynsluaktu nýjum Rexton.
**Hann er alvöru.**

- Bíll byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- Sjálfstæð fjöðrun að framan
- E-tronic 5 þrepa sjálfskipting með skiptirofum í stýri
- ABS hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- HDC, heldur á móti niður brekkur
- Tölvustýrð loftkæling
- Loftpúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- Styrktarbitar í hurðum
- 16” álfelgur
- Dráttargeta 2,6 tonn
- Varadekk
- Langbogar á þaki
- Leðurstýri með útvarpsstýringu
- Hraðastillir (Cruise control)
- Útvarpstæki og geislaspilari / MP3
- 6 hátalarar og USB tengi
- Bluetooth tenging við farsíma
- Dagljósabúnaður
- Þokuljós - framan/aftan
- Hæðarstillanlegt leðurstýri
- Aðfellanlegir, rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Hiti í sætum
- 7 manna
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Opnanlegur gluggi á afturhlera
- Hiti undir þurrkum í framrúðu
- Vindskeið að aftan
- Litað gler
- Þjófavörn



2WD Há-drifs stilling
4WD Há-drifs stilling
4WD Lág-drifs stilling

Verð: 6.890 þús kr.
Rexton DLX • dísel túrbó • sjálfskiptur

Opið alla virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ
**Verið velkomin í reynsluakstur**

benni.is

**Reykjavík** Tangarhöfða 8 Sími: 590 2000
**Reykjanesbær** Njarðarbraut 9 Sími: 420 3330
**Akureyri** Glerárgötu 36 Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# smáauglýsingar FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**NÝR BÍLL**
SUBARU XV 4X4 HÁTT OG LÁGT DRIF. Árgerð 2015, bensín,5 gírar, vel útbúinir bílar, eigum til nokkra á staðnum, Okkar verð 3.990.000.- Rnr.127237. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Corolla. Árgerð 2014, ekinn 33 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.290.000. Rnr.141737.



NISSAN Patrol GR. Árgerð 2008, ekinn 113 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.991430.



MERCEDES-BENZ B 200 CDI blue efficiency. Árgerð 2014, ekinn 16 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.270114.



Kia cee'd EX world cup edition. Árgerð 2014, ekinn 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.260168. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast



FORD F350 crew 4x4. Árgerð 2008, ekinn 198 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Seljandi skoðar skipti. Verð 3.540.000. Verð án VSK. Rnr.210282.



BMW 3 320i. Árgerð 2009, ekinn 72 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.450.000. Ásett 3.990.000 Rnr.221345.



BMW 3 320d. Árgerð 2010, ekinn 145 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.350.000. Ásett 3.750.000 Rnr.129746.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

100 bílar bílasala .is



Suzuki Grand Vitara Premium, 6/2014, ek 63 þús km, sjsk, ásett verð 4790 þús, tilboðsverð 3990 þús, er á staðnum raðnr 152184.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Honda CR-V Executive Árgerð 2015. Ekinn 19þ.km. Sjálfsk. Leður, glerþak o.m.fl.. Gott eintak. Er á staðnum. Verð 6.150.000kr. Raðnr 135109. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

### Bílar til sölu



Volkswagen Toureq diesel, sjálfskiptur. Í toppstandi. Verð 2.6 m. eða skipti. S: 6622882

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**Rörablásari** 100 mm



Tilboð frá kr 12.990

**Blússlampar**



Tilboð kr 9.990

**Þakblásarar**



Tilboð frá kr 29.990

**Kælar - frystar**
Allar stærðir - með eða án vélakerfa



**Hitavír**
Í þakrennur, frostvörn eða vatnslagnir.



Tilboð frá kr 1.450

**Handþurrkari** 2100 wött



Tilboð frá kr 14.990

**Hljóðlátur** 100 mm



Tilboð frá kr 29.990

**Hitablásari**
Vatnshitablásari í bílskúrinn



Tilboð frá kr 69.990
Hraðastýring fylgir

**Bjargvættur** 300 mm



Tilboð frá kr 34.900

**Iðnaðarviftur**
-Úrval af stærðum og gerðum



**Þurrkpakki**
-Þurrkaðu eftir vatnstjón



**Loftviftur**



Tilboð frá kr 22.900

íshúsið 1983 - 2013 30 ára reynsla viftur.is -andaðu léttar

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur




# Mjólkin gefur styrk

## D-vítamínbætt léttmjólk breytir tímabundið um útlit

D-vítamínbætt léttmjólk hefur tímabundið verið klædd í nýjan búning. Sama holla og góða mjólkin verður í sparifötunum í takmarkaðan tíma og á meðan streyma 30 krónur af hverri seldri fernu til tækjakaupa á Landspítalanum.

**Markmiðið er að safna 15 milljónum.**

#mjolkingefurstyrk



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Júlíusdóttir**

áður til heimilis að Kirkjulundi 6, Garðabæ,

er lést 24. október, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 4. nóvember kl. 11.00.

**Júlíus Jónsson** **Björk Garðarsdóttir**
**Jón Gunnar Jónsson** **Fríða Birna Kristinsdóttir**
**Erla Jónsdóttir** **Grétar Helgason**
**Guðrún Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hjördís Jónsdóttir**

Lyngholti 15, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 23. október sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimahlynningar og Heimahjúkrunar á Akureyri fyrir góða og alúðlega umönnun í veikindum hennar.

**Bjarki Arngrímsson**
**Sigríður Kristín Bjarkadóttir** **Hreinn Pálsson**
**Hjördís Björk Bjarkadóttir** **Kjartan Friðriksson**
**ömmu- og langömmubörn.**

## Merkisatburðir

**1660** Kötlugos hefst með jarðskjálftum og jökulhlaupi. Gosið stendur langt fram á vetur.
**1879** Vilhjálmur Stefánsson, vesturíslenskur landkönnuður, er fæddur þennan dag.
**1928** Tyrkir taka upp latneskt stafróf í stað þess arabíska.
**1951** Kvikmyndin Niðursetningurinn eftir Loft Guðmundsson er frumsýnd.
**1968** Alþýðubandalagið er stofnað sem stjórnmálaflokkur, en hafði svo sem verið til síðan 4. apríl 1956.
**1979** Megas heldur tónleika í Hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð, undir nafninu Drög að sjálfsmorði. Um er að ræða upptökutónleika fyrir tvöfalda plötu, sem vekur heilmikla athygli ekki síst vegna þess að Megas lætur sig hverfa um nokkurt skeið að loknum upptökum.



**2007** Pervez Musharraf lýsir yfir neyðarástandi í Pakistan og fellir stjórnarskrána tímabundið úr gildi. Hann lét jafnframt reka forseta hæstaréttar í sama holli.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán Jóhann Sigurðsson**

húsasmíðameistari, Engihlíð 16E, Ólafsvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, miðvikudaginn 28. október. Útför hans fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 7. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ólafsvíkurkirkju og Krabbameinsfélag Snæfellsness.

**Guðrún Alexandersdóttir**
**Kristjana Halldórsdóttir** **Svanur Aðalsteinsson**
**Magnús Stefánsson** **Sigrún Drífa Óttarsdóttir**
**Vilborg Lilja Stefánsdóttir** **Eiríkur L. Gautsson**
**Sigríður Stefánsdóttir** **Halldór G. Ólafsson**
**og fjölskyldur.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Guðmundsdóttir**

fyrrverandi kaupkona,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli föstudaginn 23. október, verður jarðsungin fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.00 frá Bústaðakirkju.

**Kristín Gísladóttir** **Þórir Þórisson**
**Guðmundur Þór Gíslason** **Margrét Einarsdóttir**
**Guðrún Ýr Gunnarsdóttir**
**Þórir Jónas Þórisson**
**Rebekka Auður Þórisdóttir**
**Gísli Steindór Þórisson**
**Gísli Gunnar Guðmundsson**
**Sigurður Torfi Guðmundsson**
**Rúnar Þór Guðmundsson**



†

Okkar ástkæri,

**Skúli Grétar Guðnason**

endurskoðandi, Sólbraut 17, Seltjarnarnesi,

andaðist miðvikudaginn 28. október sl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Kristjana Björnsdóttir**
**Berglín Skúladóttir og Óskar Axelsson**
**Magnús Árni Skúlason og Kristín Dagmar Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóninna Guðný Steingrímsdóttir**

Flúðabakka 2, Blönduósi,

lést þann 21. október á Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju 4. nóvember kl. 13.00.

**Steingrímur Þormóðsson** **Guðbjörg Egilsdóttir**
**Helga Þormóðsdóttir** **Ingibergur Sigurðsson**
**Pétur Þormóðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær sonur minn og bróðir okkar,

**Guðjón Sigurjónsson**

Kirkjubóli, Innri-Akraneshreppi,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í Saurbæ föstudaginn 6. nóvember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Innra-Hólmskirkju, reiknr. 0186-05-62996, kt. 660169-5129.

**Kristín Marísdóttir**
**María Sigurjónsdóttir**
**Sigurrós Sigurjónsdóttir**
**Ingibjörg Sigurjónsdóttir**
**Pétur Sigurjónsson**
**Unnur Sigurjónsdóttir**
**Kristín Sigurjónsdóttir og aðrir aðstandendur.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðmunda Árnadóttir**

frá Bolungarvík,

lést 20. október. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Árný Kristjánsdóttir** **Helgi Sigurðsson**
**Sigríður Gróa Kristjánsdóttir** **Helgi Ingólfsson**
**Margrét Jóna Kristjánsdóttir** **Gísli Hermannsson**
**Sigurgeir Kristjánsson** **Katarína Bengtsson**
**og ömmubörnin.**



†

**Þórir Magnússon**

bóndi, Syðri-Brekku,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi 28. október síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Þingeyrakirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

**Sigrún Þórisdóttir** **Gunnlaugur Björnsson**
**Þórkatla Þórisdóttir** **Jón Guðlaugsson**
**Axel, Sveinn, Elín Eva, Eva, Ingibjörg, Þórey, Sigurður Björn, Þórir Óli, tengdabörn og langafabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hansína Ósk Lárusdóttir**
**Hanna**

áður til heimilis að Urðarbakka 28, 109 Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Sigrún M. Ingjaldsdóttir** **Magnús Ásgeirsson**
**Helga Ingjaldsdóttir** **Ólafur Daðason**
**Íris Ósp Ingjaldsdóttir** **Friðrik I. Þorsteinsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bergþóra Valgeirsdóttir**

lést mánudaginn 26. október á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Svavar Ellertsson** **Gunnur Baldursdóttir**
**Valgeir Ellertsson**
**Sigríður Ellertsdóttir** **Rúnar Gíslason**
**Hansína Ellertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*

MEÐ VIRÐINGU OG KÆRLEIK Í 66 ÁR

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

www.útför.is





†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðmunda Sigríður Eiríksdóttir**

Lækjarsmára 6, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 25. október. Útförin fer fram frá Hjallakirkju fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

**Súsanna Gísladóttir** **Einar Gunnarsson**
**Sigríður Líndal Gísladóttir**
**Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Tengdamóðir mín, amma okkar og langamma,

**Guðrún Sveinsdóttir,**

áður til heimilis í Hamrahlíð 25,

lést á heimili sínu, Hrafnistu, Boðaþingi 5, þriðjudaginn 27. október.

**María Gréta Guðjónsdóttir**
**Guðrún Halla Sveinsdóttir** **Sturla Halldórsson**
**Guðjón Már Sveinsson** **Hulda Hrafnkelsdóttir**
**Arna Gréta Sveinsdóttir** **Eiður Aron Arnarson**
**Ásgerður, Gunnhildur, Sveinn og Dóra María**

**Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma**

HARPA

# Svanavatnið

## *St. Petersburg Festival Ballet ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg sló í gegn fyrir tveimur árum með glæsilegri uppfærslu í Hörpu á einni fegurstu perlu dansbókmenntanna. Nú snúa rússnesku dansararnir aftur og flytja verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í sérstökum viðhafnarbúningi í Eldborg.



*Eldborg*

**14. nóvember** kl. 15:00 & 19:30

**15. nóvember** kl. 15:00 & 19:30

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu

Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is

**www.harpa.is/svanavatnid**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

Brandenburg




# HÚN ER KOMIN AFTUR!

**Loksins er Matreiðslubókin mín og Mikka aftur fáanleg.**
**Hún kemur nú út í takmörkuðu upplagi vegna fjölda áskorana.**

Nú gefst tækifæri til að endurvekja gömul kynni eða spreyta sig í fyrsta sinn á ógleymanlegum uppskriftum eins og Pönnukökum frá Undralandi, Eggjasnapsi bjarnarins Balla, Muffins dverganna sjö og fjölmörgum fleiri spennandi réttum.

**Náðu þér í eintak í næstu verslun eða á edda.is**

BÓKIN SEM KENNDI HEILLI KYNSLÓÐ AÐ ELDA!

©Disney

www.edda.is

SETBERG | edda

mikilvæg? Hafa stelpur rödd í nemendafélagsstjórnum? Gert er ráð fyrir líflegum umræðum og öllum frjálst að stíga í pontu. Allir framhaldsskólar boðnir hjartanlega velkomnir.

## Tónlist

**Hvað?** Jazzkvöld Sunnu Gunnlaugs
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28
Í kvöld mun Kvartett Sunnu Gunnlaugs troða upp á Jazzkvöldi Kex. Mun Ásgeir J. Ásgeirsson leika á gítar, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Scott McLemore lemur húðir, auk Sunnu sem spilar á píanó. Verða valdir djassstandardar á boðstólum. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Off – Venue hátíð Lucky Records
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Lucky Records, Rauðarárstíg 10
Í tilefni af Airwaves-hátíðinni mun Lucky Records bjóða gestum upp á fimmtíu og fimm bönd næstu daga. Veislan hófst í gær og mun standa fram á sunnudag. Bönd dagsins eru Gímaldin, Deffice, Vára, Different Turns, Lord Pusswhip feat. Svarti Laxness, Vagina Boys, Otto Man, Stafrænn Hákon og Endless Dark. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

## Listasýning

**Hvað?** Hvarfpunktur
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41
Á laugardag var sýning á verkum Olgu Bergmann opnuð, og eru verkin skírskotun í fleiri en eina túlkun á hugmyndinni um hvarfpunkt. Verkin á sýningunni byggja líka á hugrenningum um Gaiakenningu Lovelocks um að allt líf á jörðinni sé einn líkami eða lífvera. Stendur sýningin til 22. nóvember og er opið alla daga frá 13.00 til 17.00, nema á mánudögum.

## Leikhús

**Hvað?** Ungleikur 2015
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið
Ungleikur er sjálfstæður leikhópur ungra leikskálda og leikstjóra á höfuðborgarsvæðinu. Skapast þar vettvangur fyrir skáld til að sjá verk sín á sviði og rækta þannig áfram hæfileika sína. Er þetta í fjórða skipið sem Ungleikur heldur sýningu í samstarfi við Borgarleikhúsið. Að þessu sinni verða fimm ný verk í boði. Aðgangseyrir 2.000 krónur. Allir velkomnir.

## Ungliðahreyfing

**Hvað?** Umhverfisbíó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft Hostel, Bankastræti 7
Ungir umhverfissinnar ásamt Lofti Hosteli bjóða öllum áhugasömum umhverfissinnum á bíókvöld í kvöld og verður myndin „This changes everything“ sýnd. Tilgangur myndarinnar er að hvetja ungt fólk til aðgerða. Allir velkomnir.



Stafrænn Hákon mætir í Lucky Records í dag.

# Þriðjudagsfiskur í gómsætum spínathjúpi

**Spínat-spergilskáls rasp**
2 lófar spínat
1/2 spergilkálshöfuð
1 hvítlauksgeiri
100 g rasp
2 msk. fetaostur
1 msk. olía
Safi og rifinn börkur úr 1/2 lime
Salt & pipar að vild!

Setjið allt saman í matvinnsluvél í örfáar mínútur þar til allt er komið í mauk.

Að því loknu er eitt egg og svolítil mjólk pískað saman og fiskbitunum skellt ofan í. Eftir mjólkurbaðið er bitunum rúllað vel og vandlega um í raspskálinni, þar til þeir eru vel hjúpaðir.

Því næst er bitunum skellt á pönnu og má steikja upp úr olíu eða smjöri, allt eftir því hvað hver kýs. Þeir flippuðu gætu jafnvel blandað þessu saman. Steikið fiskinn í gegn og berið á borð með soðnum kartöflum.







**19:25**
**LÓA PIND: ÖRIR ÍSLENDINGAR**
Hvað gerir fullorðið fólk sem greinist með ADHD? Tekur bara pillu og einkennin hverfa? Lóa Pind fylgdist í tæplega ár með fjórum sjarmerandi sveimhugum sem tækla tilveruna með ADHD. Guðmundur reynir að þrauka í skólanum, Lilja breytir mataræðinu og hvernig gengur Tómasi og Sigríði Elvu að fóta sig á nýju lyfjunum?

FRÁBÆR
**ÞRIÐJUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**
**365**

**20:10**
**PROJECT GREENLIGHT**
Leikararnir og leikstjórarnir Matt Damon og Ben Affleck leitast við að leiðbeina þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð.




**21:15**
**EMPIRE**
Önnur þáttaröðin um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð.



**22:00**
**PUBLIC MORALS**
Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild sem fara stundum vafasamar leiðir.



**22:00**
**THE BOOK THIEF**
Áhrifamikil mynd sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geofrey Russ og Emily Watson í aðalhlutverkum.



**21:30**
**KLOVN**
Óborganlegir gamanþættir með Casper Christensen og Frank Havn. Þættirnir verða sýndir frá mánudegi til fimmtudags klukkan 21.30.



Krakkastöðin **18:22**
**LUKKU LÁKI**
Skemmtileg teiknimynd um kúrekann Lukku Láka sem ferðast um villta vestrið og heldur uppi friði.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is**

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.01 Svampur Sveinsson**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.45 Scooby-Doo! Leynifélagið**
**08.05 The Middle**
**08.25 Junior Masterchef Australia**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
**10.40 Lying Game**
**11.25 Suits**
**12.05 Hið blómlega bú 3**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol**
**14.25 Mr Selfridge**
**15.10 Veep**
**15.40 Woof. A Horizon Guide to Dogs**
**16.35 The Amazing Race**
**16.55 Surviving Jack**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Simpson-fjölskyldan**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag** Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
**19.25 Lóa Pind. Örir íslendingar**
**20.10 Project Greenlight**
**20.40 The Big Bang Theory**
**21.10 Empire**
**21.55 Public Morals**
**22.40 Last Week Tonight With John Oliver**
**23.10 Covert Affairs**
**23.55 Grey's Anatomy**
**00.40 Blindspot**
**01.25 Bones 10**
**02.10 Mistresses**
**02.55 Backstrom**
**03.40 Ghost Rider. Spirit of Vengeance**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

**08.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**08.25 League Cup**
**10.40 League Cup Highlights**
**11.10 NBA - Regular Season**
**13.10 Spænski boltinn**
**14.50 Spænski boltinn**
**16.30 Spænsku mörkin**
**17.00 Ítalski boltinn**
**18.45 Ítölsku mörkin**
**19.15 Meistaradeildarkvöld**
**19.40 Real Madrid - PSG** Beit frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**21.45 Meistaradeildarmörkin**
**22.30 UEFA Champions League**
**00.20 UEFA Champions League**
**02.10 Evrópudeildin - fréttaþáttur**

## SPORT 2

**07.00 Premier League**
**08.40 Messan**
**11.20 Messan**
**12.35 Football League Show**
**13.05 Premier League**
**14.50 Premier League World**
**15.20 Premier League**
**17.05 Messan**
**18.20 Premier League**
**20.00 Premier League Review**
**20.55 Premier League**
**22.45 Premier League**
**00.25 Premier League Review**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Turkish Airlines Open**
**13.00 Golfing World 2015**
**13.50 Turkish Airlines Open**
**18.50 Golfing World 2015**
**19.40 Turkish Airlines Open**

## STÖÐ 3

**18.20 Ground Floor**
**18.45 50 Ways to Kill Your Mammy**
**19.30 Cristela**
**19.55 Project Runway**
**20.40 One Born Every Minute**
**21.30 Pretty Little Liars**
**22.15 Witches of East End**
**23.00 Mayday. Disasters**
**23.45 Last Ship**
**00.25 The Originals**
**01.10 Cristela**
**01.30 Project Runway**
**02.15 One Born Every Minute**
**03.00 Pretty Little Liars**
**03.45 Witches of East End**
**04.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**07.55 Leyndarmál vísindanna**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveins**
**08.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.55 UKI**
**09.00 Ævintýri Tinna**
**09.23 Brunabílarnir**
**09.47 Latibær**
**10.00 Ljóti andarunginn og ég**
**10.25 Lukku láki**
**10.47 Ævintýraferðin**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.55 Leyndarmál vísindanna**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveins**
**12.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.55 UKI**
**13.00 Ævintýri Tinna**
**13.23 Brunabílarnir**
**13.47 Latibær**
**14.00 Ljóti andarunginn og ég**
**14.22 Lukku láki**
**14.44 Ævintýraferðin**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.55 Leyndarmál vísindanna**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveins**
**16.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.55 UKI**
**17.00 Ævintýri Tinna**
**17.23 Brunabílarnir**
**17.47 Latibær**
**18.00 Ljóti andarunginn og ég**
**18.22 Lukku láki**
**18.44 Ævintýraferðin**
**19.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**

## GULLSTÖÐIN

**17.40 Two and a Half Men**
**18.05 Friends**
**18.30 New Girl**
**18.55 Modern Family**
**19.20 Veggfóður**
**20.05 Hið blómlega bú**
**20.45 Dallas**
**21.30 Klovn**
**22.00 Fringe**
**22.45 Chuck**
**23.30 Cold Case**
**00.15 Veggfóður**
**01.05 Hið blómlega bú**
**01.40 Dallas**
**02.25 Klovn**
**02.55 Fringe**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.10 Mom's Night Out**
**13.50 The Jane Austen Book Club** Falleg og rómantísk mynd byggð á metsölubók um vinkonur sem eru á mismunandi stigum í lífinu en eiga það sameiginlegt að stríða við vandamál í ástarlífinu. Þær stofna lestrarhóp til að ræða skáldsögur Jane Austen sem oftar en ekki endurspegla líf þeirra sjálfra.
**15.35 The Oranges**
**17.05 Mom's Night Out**
**18.45 The Jane Austen Book Club**
**20.30 The Oranges**
**22.00 The Book Thief** Áhrifamikil mynd frá 2013 sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geofrey Russ og Emily Watson í aðalhlutverki. Sagan hefst í bæ einum í Þýskalandi við upphaf heimsstyrjaldarinnar síðari og segir frá því þegar hin unga Liesel kemur í fóstur til Hubermann-hjónanna-eftir að móðir hennar getur ekki lengur séð henni farborða. Liesel er þjökuð af söknuði eftir móður sinni og sorg vegna dauða bróður síns og til að hjálpa henni að komast yfir það versta byrjar Hans Hubermann að segja henni sögur á kvöldin og kennir henni um leið að lesa.
**00.10 Exam**
**01.50 Out of the Furnace**
**03.45 The Book Thief**

## RÚV

**17.00 Séra Brown**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 KrakkaRÚV**
**17.56 Friðþjófur forvitni**
**18.18 Millý spyr**
**18.26 Sanjay og Craig**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Legokeppnin 2015**
**20.40 Castle**
**21.25 Hetjurnar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Flóttafólkið**
**23.15 Brúin**
**00.15 Kastljós**
**00.50 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 Design Star**
**09.50 Million Dollar Listing**
**10.35 Pepsi MAX tónlist**
**13.25 Cheers**
**13.50 Dr. Phil**
**14.30 Younger**
**14.55 Kitchen Nightmares**
**15.45 The Good Wife**
**16.25 America's Funniest Home Videos**
**16.50 Survivor**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show**
**19.10 The Late Late Show**
**19.50 Black-ish**
**20.15 Jane the Virgin**
**21.00 Blood & Oil**
**21.45 Ray Donovan**
**22.30 The Tonight Show**
**23.10 The Late Late Show**
**23.50 American Odyssey**
**00.35 Code Black**
**01.20 Quantico**
**02.05 Blood & Oil**
**02.50 Ray Donovan**
**03.35 The Tonight Show**
**04.15 The Late Late Show**
**04.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin







**Bíóstöðin er í Skemmtipakkanum**

# GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK **Á BÍÓSTÖÐINNI**

Á Bíóstöðinni er boðið upp á kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna, allan sólarhringinn. Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum ásamt Stöð 2, Stöð 3, Krakkastöðinni, Gullstöðinni, Bravó og Stöð 2 Maraþon. Að auki fá áskrifendur aðild að Vild.
**Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**

Krakka stöðin · HEIMILI HBO · BRAVO · MARAÞON · Vild

**SKEMMTIPAKKINN**

**9.290 kr.**

**Aðeins 310 kr. á dag**

**Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is**

**365**

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Skrifstofuhúsnæði til leigu



Borgartún 29 105 Reykjavík
Til leigu um 160 m² glæsilegt skrifstofurými á 2. hæð í Borgartúni. Frábær staðsetning á mjög vönduðu rými. Laust til afhendingar.



Dvergshöfði 2 110 Reykjavík
Til leigu vönduð skrifstofurými um 300 m² á 2. hæð og um 420 m² á 8. hæð hússins. Frábært aðgengi og næg bílastæði. Byggingin er nýleg og einstaklega glæsileg í alla staði.



Stórhöfði 33 110 Reykjavík
Til leigu um 360 m² rými í á 2. hæð með góðu aðgengi. Lyfta er í húsinu og frábært útsýni er yfir Grafarvoginn. Flott og bjart rými sem er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is

Sími: 512 8900 2014 Framúrskarandi fyrirtæki reginn.is

STÖÐ 3 +ENDALAUST TAL +1 GB Í GSM
1.990 kr. til 1. nóvember*
FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í HAUST
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365
*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 1. nóvember halda þessum kjörum í eitt ár.



**Friðrik Dór Jónsson gaf út á sunnudag lagið Skál fyrir þér.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Lagið til kærustunnar var samið í bílnum

**Friðrik Dór Jónsson** hefur enn einu sinni slegið í gegn, nú með laginu Skál fyrir þér. Lagið er tileinkað Lísu Hafliðadóttur, kærustu hans. Hann syngur um mikilvægustu augnablikin í sambandi þeirra.

„Textinn er settur saman úr mörgum sögum úr okkar sambandi,“ segir söngvarinn Friðrik Dór Jónsson, sem hefur enn eina ferðina slegið í gegn. Á sunnudaginn sendi hann frá sér lagið Skál fyrir þér, sem er augljóslega samið til Lísu Hafliðadóttur, kærustu hans. „Ég samdi textann mikið í bílnum, með upptökuforritinu í símanum,“ útskýrir söngvarinn sem segist nú stefna á að gefa út meira af efni á næstunni.

**SÍÐAN VAR BARA SPURNING UM AÐ KLIPPA ÞETTA NIÐUR OG VELJA ÞAÐ SEM MÉR FANNST MIKILVÆGT FYRIR OKKUR. EINS OG Í ÖLLUM SAMBÖNDUM ERU ÁKVEÐIN MÓMENT SEM ERU MIKILVÆGARI EN ÖNNUR OG ÞETTA ER SVONA SEM ÉG VALDI ÚT FYRIR OKKUR.**

## Samansafn af sögum

Friðrik Dór segir að textinn í laginu sé safn af sögum um sambandið. „Eins og öll pör eigum við okkur margar sögur og ég vildi koma þeim til skila, setja þær í bundið form. Það var af nógu af taka og upprunalega var lagið örugglega ein fjögur hundruð erindi,“ segir hann hlæjandi og heldur áfram:

„Síðan var bara spurning um að klippa þetta niður og velja það sem mér fannst mikilvægt fyrir okkur. Eins og í öllum samböndum eru ákveðin móment sem eru mikilvægari en önnur og þetta er svona sem ég valdi út fyrir okkur.“

Auðvelt er að gefa sér að sú heittelskaða hafi verið ánægð með lagið. „Já, hún var rosa ánægð með mig. Ég er yfirleitt rosalega lélegur að vera „rómó“, þannig að þetta kannski bætir eitthvað upp fyrir það.“

## Lagið samið á gítar

Friðrik Dór samdi lagið sjálft á gítar heima hjá sér. „En síðan fór ég með það til StopWaitGo og þeir útsettu það. Daði Birgisson spilar svo á píanóið í laginu sem gefur þessu ótrúlega skemmtilega mynd. Strákarnir sem komu að þessu eiga mikið hrós skilið. Þeir „djúsuðu“ þetta vel upp.“

Á döfinni hjá söngvaranum er aukinn þungi í útgáfu. „Ég hef í hyggju að gefa meira af efni út, byrjum á smáskífunum og svo sjáum við hvað gerist. Ég get allavega fullyrt að ég ætla að auka tíðnina á að gefa út efni.“

Friðrik segir að sér þyki gaman að sjá hvað lagið hefur fengið góð viðbrögð. „Þetta eru kannski sterkari viðbrögð en ég hef fundið áður og ég hef bara heyrt jákvæð viðbrögð. Yfirleitt eru alltaf einhverjir sem hrauna yfir mig. Ég hef ekki fundið fyrir því núna, þannig að það fer kannski hver að verða síðastur í þeim efnum. En annars er gaman hvað laginu hefur verið vel tekið. Það virðist hafa snert einhverjar taugar, fólk virðist tengja við þetta. Manni finnst það auðvitað ótrúlega gaman.“ **kjartanatli@365.is**

## Vinsælustu lög Friðriks Dórs á Youtube

**Glaðasti hundur í heimi**
486 þúsund spilanir

**Í síðasta skipti**
328 þúsund spilanir

**Hlið við hlið**
325 þúsund spilanir

**Til í allt (ásamt Steinda jr. og Bent)**
245 þúsund spilanir

**Fyrir hana**
197 þúsund spilanir

**Hún er alveg með'etta**
179 þúsund spilanir

**Leiðarlok**
167 þúsund spilanir

**Á sama stað (ásamt Blaz Roca)**
134 þúsund spilanir

**Keyrumettígang (lag með Henrik Biering og Blaz Roca)**
225 þúsund spilanir

**Okkar leið (lag með Emmsjé Gauta)**
142 þúsund spilanir

**Sumar sem leið (Lag með Óla Geir)**
135 þúsund spilanir

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


JÓLATÓNLEIKAR
KK
&
Ellen
Jólatónleikar KK & Ellenar á aðventunni
Jólatónleikar þeirra systkina eru fastur liður í jólahaldi fjölmargra á Íslandi. Í ár verða þau á faraldsfæti líkt og áður, syngja jólalög í bland við sín eigin lög og laða fram gleði og eitt og eitt tár. Með þeim verður fimm manna úrvalssveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans góða, Jóns Ólafssonar. Jólin eru að koma.
Miðasala á midi.is og salurinn.is
5.12. Mosfellsbær | Hlégarður | kl. 21
11.12. Reykjanesbær | Hljómahöllin | kl. 21
12.12. Kópavogur | Salurinn | kl. 18 ÖRFÁ SÆTI LAUS
~~12.12. Kópavogur | Salurinn | kl. 21~~ UPPSELT
14.12. Reykjavík | Fríkirkjan | kl. 21
~~18.12. Hafnarfjörður | Bæjarbíó | kl. 21~~ UPPSELT
19.12. Hafnarfjörður | Bæjarbíó | kl. 21 AUKATÓNLEIKAR
20.12. Grafarvogur | Grafarvogskirkja | kl. 21
21.12. Reykjavík | Háskólabíó | kl. 21
DÆGURFLUGAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Erlu Bjargar Gunnarsdóttur




## #skammarkrókur

Mér fannst síðasta viku óvenju þrungin stressi og áhyggjum. En þetta var bara venjuleg vika. Þið vitið. Langir vinnudagar, heimanám með börnunum, matarinnkaup og klósettþrif. Það var starað á netbankann, iðnaðarmannaskorti í fjölskyldunni bölvað og lesnir um það bil 15 tölvupóstar frá skólum, leikskólum og íþróttafélögum. Fundir, safnanir og leikir. Dagbók barnsins er ekki lengur með klipptum hárlokkum og fyrsta brosinu heldur útpæld tímaáætlun flokkuð með fjórum glósupennum.

Við þessa venjulegu viku bættust óvenju margar fréttir af streitu íslenskra fjölskyldna. Konur eiga að henda sér í sófann samkvæmt læknisráði. Íslensk börn gætu haft það betra ef við myndum vinna minna og Kringlan væri lokuð á sunnudögum. Og samkvæmt nýlegri rannsókn eru íslenskar fjölskyldur almennt „að þola og þrauka“ daglega lífið og bíða þess að börnin verði eldri svo allir geti farið í golf. Þar að auki var mér boðið í tvo Facebook-hópa: Ekki halda stressi til streitu og Streitustjórnun með núvitund.

Og ég fylltist streitu. Hvernig á ég að koma núvitund, jóga, líkamsrækt, göngutúrum, hugleiðslu, tjilli og sófakúri inn í dagskrána mína? Ég var komin í ástandið streita vegna streitu – úrkynjaður krankleiki metorðagjarnar velmegunarkonu. Samviskubitið sem fylgir streitu vegna streitu er svo hliðarverkun ástandsins.

En við Íslendingar erum eldfjöll. Fyllumst gremju, bullum og svo flæðir upp úr með gjósandi tilfinningagusum í hashtag-stæl. Þegar ég keyrði Sæbrautina í morgun og las „Ekki skamma þig“ sem stendur skrifað með ljósum á byggingakrana, fannst mér eins og þar væri sjálfsmynd hálfgalinnar þjóðar komin í einu fallegu listaverki. Og mér þótti bara vænt um okkur.








